

Nýting flæðiengja í Borgarfirði

Verkhættir og vinnubrögð á 20. öld



Ragnildur Helga Jónsdóttir
Bjarni Guðmundsson
Porkell Fjeldsted

Hvanneyri – 2012



Nýting flæðiengja í Borgarfirði Verkhættir og vinnubrögð á 20. öld

Ragnildur Helga Jónsdóttir
Bjarni Guðmundsson
Þorkell Fjeldsted

2012

Efnisyfirlit	
Tilgangur verkefnisins	5
Um hvaða svæði er að ræða?	6
Hvaða einkenni?	6
Lýsing svæðisins	6
Föst ítök	7
Tilfallandi leiga slægna	8
Fjarlægð á engjar	8
Leigugreiðsla	9
Nýting engja utan sláttar	11
Mannvirki á engjum	12
Hve stór svæði?	15
Hvernig voru skil milli svæða mörkuð?	16
Engjar gerðar véltækar	16
Skipting slægna	16
Undirbúningur engja/sláttar	16
Árlegur undirbúningur	18
Hvenær sumars?	19
Heyskapur	19
Vinnuaðferðir og verklag	20
Hve mikill hluti heyöflunar?	24
Verkaskipting á engjum	24
Aðbúnaður fólks á engjum	24
Flutningur á heyi	26
Örnefni sem tengjast nytjum engjalanda	30
Hvenær og hvers vegna hættu bændur að nýta engjar til sláttar?	31
Breyttar nytjar engja	31
Nýting engja árið 2010	32
Hvernig er hægt að auka nýtingu engjanna?	32
Möguleikar til framtíðar	32
Lokaorð	34
Þakkarorð	36
Heimildaskrá	36
Munnlegar heimildir	36
Skriflegar heimildir	37
Viðauki 1	38

Forsíðumyndir: Efri mynd til vinstri: Slegið með hestasláttuvél á Hvanneyrarfit (LbhÍ)

Efri mynd til hægri: Votaband. Hey flutt á þurrkvöll á bíl úr Ferjubakkafloa sumarið 1953 (Þórdís Ragnarsdóttir)

Neðsta mynd: Starir í bleytum lifna löngu á undan öðrum gróðri (Ragnhildur Helga Jónsdóttir)

Umbrot: Þórunn Edda Bjarnadóttir

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Landbúnaðarsafn Íslands - febrúar 2012.

Tilgangur verkefnisins

Tilgangur þessa verkefnis er að safna upplýsingum um hvernig nýtingu flæðingja í Borgarfirði var háttað á 20. öld.

Gegnum tíðina hafa flæðingjarnar verið mikilvæg uppspretta fódurs fyrir skepnur bænda á tugum jarða í Borgarfirði. Þetta voru svæði sem gerðu búskap mögulegan og hægt var að treysta á að í flestum árum gæfu þær góða uppskeru, jafnvel þótt spretta á þurrlandi væri lítil.

Nefna má það sem dæmi að engjalöndin voru grundvöllurinn að því stóra búi sem löngum hefur verið á Hvanneyri. Breski landkönnuðurinn G.M. MacKenzie kom að Hvanneyri um 1810 og fjallaði um komu sína í ferðabók sem hann skrifaði. Hann segir að búið sem amtmaður reki sjálfur sé talið það besta á landinu. Amtmaður bjó með 30 – 40 hross, 50 kýr og 200-300 kindur, „og aflar nægra heyja fyrir hinn stóra bústofn sinn til vetranna sem eru langir á Íslandi“. **MacKenzie** hélt því fram að Hvanneyri væri einhver besta jörðin á landinu og sé það einkum vegna engjanna með Hvítá, sem gefi mikið af sér (Bjarni Guðmundsson 1989, bls. 13). Í sýslu- og sóknalýsingum fyrir Hvanneyrar- og Bæjarþing frá árinu 1840 er landgæðum Hvanneyrar lýst þannig að þar sé

„gnægð flæðingja“ (Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir, 2005, bls. 254). Árið 1886 var stærð engjanna um 400-500 dagsláttur og meðalheymagn árlega 3000-4000 hestburðir, en til samanburðar var túnið aðeins 46 dagsláttur og gaf af sér 370 hestburði af töðu (Magnús Óskarsson, 2008).

Svipað má segja um Hvítárvallaengjarnar, en í sýslu- og sóknalýsingunum frá 1840 segir að Hvítárvellir „hefir vel ræktuð tún og miklar engjar, þó minnst flæðingjar...“ (bls. 255). Engjarnar, ásamt laxveiðinni í Hvítá, voru ástæða þess að franskir baróninn Charles Gouldrée Boilleu keypti Hvítárvelli og rak þar bú á árunum 1898 til 1901. Baróninn reisti stórt kúabú í Reykjavík en heyja aflaði hann m.a. annars á Hvítárvallaengjum og flutti heyið suður á bátum. Hann notaði einhvers konar bindivél til að pressa heyið saman til að auðvelda flutning á því. Eftir hans dag var mjólkurskóli á Hvítárvöllum eða frá 1904 til 1918 og er líklegt að hið mikla graslandi sem þarna er, hafi verið ein af ástæðum þess að slíkur skóli var staðsettur þar (Bjarni Guðrúðsson o.fl., 1989).

Nýtingarhættir engjanna breyttust nokkuð með tæknivæðingu á 20. öld. Fyrst á þann veg að



1. mynd: Heyfengur af Hvanneyrarengjum. Galtar við fjósið á Hvanneyri. Hlaðan rúmar ekki allan heyforðann, sem að stórum hluta var fenginn af engjunum. (Árni G. Eylands).

nýtingin jókst, þar sem bændur af fleiri bæjum sóttu um lengri veg til að komast á flæðiengjarnar. Einnig var vélvæðingin til þess að menn sléttuðu engjar til að þær yrðu véltækar. En síðan gerði tæknivæðingin það að verkum að nýting flæðiengjanna dvínaði mjög á 6. og 7. áratugunum uns hún varð nær engin. Þannig hafa breytingar á nýtingu flæðiengjanna á 20. öldinni orðið miklar. Í dag er þar um verulega vannýtta auðlind að ræða, sem huga ber að á komandi árum og áratugum.

Slíkar engjanytjar þekkjast víðar á landinu en fátt hefur verið skráð af heimildum um þessar

nytjar. Því er lítið á þetta verkefni sem eins konar fyrirmynd sem nýst getur á öðrum svæðum. En engjasláttur og öflun útheyja þekjist víðar en hér á landi. Hliðstæðu við íslenskan engjaheyskap má finna víða í Noregi, til dæmis í dalnum við Jakobselv, nyrst í Noregi og austast í Finnörku. Þar var farið inn til landsins og upp með ám og slegnir blettir. Ýmist var heyið flutt jafnharðan heim eða það var geymt í sátum af mismunandi gerð og síðan flutt heim á sleðum yfir veturinn (Edel Reisænen ofl., 1996).

Lýsing svæðisins

Um hvaða svæði er að ræða?

Það svæði sem tekið er fyrir í þessu verkefni eru engjar í neðanverðum Borgarfirði og er einkum um þrjú svæði að ræða. Í fyrsta lagi eru það flæðiengjar með Andakílsá, svokallaðar Suðurengjar. Þá flæðiengjar beggja vegna Hvítár neðan Hvítárbrúar, stundum nefndar einu nafni Hvítárengjar. Síðan er það Ferjubakkaflooi en á hann flæðir flest eða öll ár, þegar flóð verða mikil í Norðurá og Gljúfurá, auk þess sem vatnsstaða er há í Hvítá sem myndar þá fyrirstöðu fyrir vatnið úr Norðurá.

Þessar flæðiengjar eru valdar sérstaklega þar sem um stærstu samfelldu engjassvæðin er að ræða og því gátu mjög margir bændur nýtt sér þessar engjar.

Hvaða einkenni?

Flæðiengjarnar hafa myndast af framburði ána sem safnast hefur upp á öldum eða árpúsundum. Þegar árnar koma niður á láglandið, minnkar geta þeirra til að bera framburðarefnin og þau falla því til botns. Árnar hlaða efninu undir sig en færast jafnframt til hliðar um láglandið. Til að byrja með var hér aðeins um eyrar að ræða, en smám saman hafa þær gróið upp, en reglulega hafa árnar flætt yfir og borið meira af framburðarefni á eyrnar. Þar með hefur landið hækkað enn frekar og flæðiengjarnar orðið til.

Náttúrufar engjanna er mjög sérstakt. Næst ánum eru þurrir bakkar eða fitjar¹ þar sem ríkjandi grasvegundir eru hálmgresi, vallarsveifgras og língresi. Einnig eru bakkar meðfram stokkunum þar sem þeir voru dýpstir. Þegar fjær dregur ánum er land oft lægra og liggja þar keldur og stokkar um engjarnar og er þar mun blautara en á fitjunum. Í lægstu engjunum eru mismunandi starir ríkjandi gróður og ræðst það að nokkru af hversu blautt er. Gulstör og mýrarstör eru víða en tjarnarstör þar sem allra blautast er. Því hafði engjaheyið mismunandi eiginleika. Í sumum tilfellum var það álitnið allt að því jafngildi töðuheys og átti það einkum við hey af fitjunum. Margir bændur nýttu það hey fyrir kýrnar, en heyið úr blautari hluta engjanna frekar nýtt fyrir sauðféð. „Snemmslegin og vel hirt gulstör gefur lítið eftir meðaltöðu til fóður. Má því telja hana mjög gott fóður handa öllum skepnum“ skrifaði Halldór Vilhjálmsson (1929, bls. 181) og um tjarnastörina sagði hann: „Slegin til muna í ýmsum sveitum og þykir gott fóður, einkum handa mjólkurkúm.“

Í flestum árum spruttu flæðiengjarnar, jafnvel þótt kalt væri í veðri og annað gróðurlendi sprytti illa. Því var flest ár hægt að treysta á engjaheyskapinn,

¹ Viðast hvar eru þetta kallaðir bakkar en á Hvanneyrarenjum kallast þetta fit (Ásgarðsfit og Hvanneyrarfit). Á Suðurengjum var það síðan kallað undirfit svæðið frá bakknum sem þurrastur er, og niður að á. Yfirleitt voru það starir sem þar uxu, áþekkar stokkastörinni svokallaðri sem óx í stokkunum. Það hefur ýmist verið tjarnastör eða gulstör sem voru ráðandi gróðurtegund. Í Ausu kallaðist þetta sama svæði forstör.

þó allt annað brygðist. „Í harðindum hafa engjar trúlega gefið öruggari hefynd en tún, sérstaklega í kalárum.“ (Magnús Óskarsson, 2008, bls. 2) Það var því von að það freistaði margra bænda að komast á engjar og tryggja þannig framfærslu búsmalans næsta árið.

Um engjarnar með Andakílsá og Hvítá gildir að þar gætir sjávarfalla. Á flestum þessara svæða flæðir yfir mörgum sinnum á ári, jafnvel í hvern straum. Það setti nýtingunni skorður, sérstaklega þar sem slá þurfti engjarnar þegar var að kippa úr straum til að heyskap yrði lokið áður en færi að vaxa aftur í næsta straum.

Aðgangur að nytjum

Það var mismunandi á milli svæða hvernig var háttað möguleikum eða rétti annarra jarða en heimajarða til nytja á engjum. Annars vegar voru það föst ítök, þar sem hver og ein jörð hafði sinn skika ár eftir ár, eins og var á Suðurengjunum, en svo voru einu nafni nefndar engjar sunnan Andakílsár, undan Ytri- og Innri-Skeljabrekku sem tilheyrðu ekki Skeljabrekkuþæjunum heldur voru slægjuítök annarra jarða. En á öðrum svæðum var það hins vegar breytilegt ár frá ári hvort bændur sóttust eftir að fá slægjur. Í sumum tilfellum voru það mismunandi svæði milli ára.

Föst ítök

Á Suðurengjum voru það fjölmargar jarðir sem höfðu föst ítök í engjunum, fyrir utan heimajarðirnar Ytri- og Innri-Skeljabrekku. Vitað er að þegar mest var, voru það 17 jarðir sem höfðu engjaitök þar. Voru það jarðir allt frá Höfn í Leirár- og Melasveit og inn með fjallinu um Andakíl og

Skorradal, allt inn að Hvammi. Um tíma nytjaði Sigurður Jónsson, skipstjóri og bóndi á Görðum á Álftanesi, þann hluta engjanna sem kallaður var Garðaengi. Þessum heyskap er vel lýst í bók sem rituð var um Sigurð (Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1952). Sigurður segist hafa árið 1908 keypt hluta úr jörðinni Innri-Skeljabrekku sem var 44 dagsláttur að stærð. Hann keypti landið af séra Ólafi Stephensen sem bjó á Skildinganesi. „Séra Ólafur hafði látið vinna á landinu eitt ár eða svo, en það gekk ekki vel og hafði hann ekkert upp úr því. Ég held að hann hafi einu sinni að eins fengið nokkra kapla af því.“ (bls. 158). Sigurður lét slétta landið til að það yrði véltækt. Þegar mest var fékk hann um 400 hesta af spildunni. Heyið var flutt á báti til Álftaness þar sem það var grundvöllur undir kúabúskap Sigurðar. Hélt þessi heyskapur fram yfir árið 1930. Það er því ljóst að heyflutningar um langan veg af þessu engi stóðu eitthvað á þriðja áratug, ef ekki lengur.



2. mynd: Kolþúfur eru manngerðar þúfur sem meðal annars mörkuðu skil slægjulanda. (Bjarni Guðmundsson).

Kolþúfur:

Kolþúfur voru útbúnar þar sem var slétt og auðkennalaust land. Þar þurfti að búa til einhverja mishæð í landið og til að hægt væri að þekkja þær þúfur frá öðrum þúfum og sjá að þær væru manngerðar, voru þær þannig útbúnar að kol voru sett inn í þúfu sem útbúin var. Því var hægt að sannreyna að um manngerða þúfu væri að ræða, ef grafið væri í þær og kolin sæjust. Einnig þekktist það að útbúa sams konar þúfur en nota þrjá steina inn í þúfunu í sama tilgangi, þ.e. að sýna að um manngerða þúfu væri að ræða.

Á Suðurengjunum hafði hver jörð sinn skika og var engin breyting á því milli ára. Enn þann dag í dag eru örnefni á engjunum sem sýna hvaða jörð nytjaði hvaða svæði, s.s. Hornsengi, Hreppsengi og Fossaoddi. Mörk á milli svæða voru ýmist stokkar og keldur, eða línur frá ákveðnum vikum á árbakkanum. Síðan var passað að slá ekki alveg á merkjunum. Þar var því sína sem leir safnaðist í og var því auðvelt að greina ár frá ári hvar mörk hvers stykkis voru. Kolþúfur þekktust ekki á Suðurengjunum, en voru hins vegar notaðar annars staðar, m.a. á Ferjubakkaflóa.

Tilfallandi leiga slægna

Fyrirkomulag var með öðrum hætti á engjunum sunnan við Hvítá, Norðurengjunum er svo nefndust. Þar var ekki fast hvaða jarðir nytjuðu engjarnar fyrir utan heimajarðirnar Hvítárvelli, Grímarstaði og Hvanneyri. Þó var það svo á Hvítárvöllum að sumir þeirra, sem fengu slægjuland, voru þar í fjölda ára. Aðrir voru einungis eitt eða fá ár. Samkvæmt samtölum við staðkunnuga er talið að þeir bændur sem óskuðu eftir slægjulandi hafi haft samband við Davíð bónda á Hvítárvöllum, þegar þeir sáu hvernig spratt heima hjá þeim eða ljóst var að þeir þörfuðust meiri slægjulanda en þeir voru með heima hjá sér. Einnig fengu þó nokkrir Borgnesingar slægjur á Hvítárvallaengjunum. Var það í sumum tilfellum eina slægjulandið sem þeir höfðu, en þar eins og víða í þorpum landsins héldu íbúarnir nokkrar skepnur; kindur, kýr og hross, sér til framfærslu, til viðbótar við launavinnuna, sem oft á tíðum var stopul og ónóg yfir árið.

Á engjum norðan Hvítár átti hver aðliggjandi jarða sinn hluta engjanna en fátíðara var að bændur annars staðar frá fengu slægjur.

Ferjubakkaflóinn er var í eigu jarðanna Ferjukots og Ferjubakkabæjanna þriggja. Á móti honum er svo Eskiholtsflóinn. Svæðið rennur því saman í eina heild. Þessar jarðir nytjuðu flóann en síðan var það fjöldi annarra jarða sem fengu þar slægjur, um lengri eða skemmri tíma. Einkum var það eftir að vélar komu til sögunnar, fyrst dráttarvélar, en síðar bílar, sem flutt gátu heyið heim. Þegar mest var, er talið að á þriðja tug bæja hafi heyjað í Ferjubakkaflóanum á sama tíma. Þá var hann allur heyjaður og átti það reyndar við um allar engjarnar sem hér eru til umfjöllunar, að þær voru nytjaðar til fulls á árunum fram yfir miðja 20. öld.

Fjarlægð á engjar

Athygli vekur hversu langan veg sumir sóttu á engjar, með þeirra tíma tækni og samgöngum. Áður er nefnt að á Suðurengjarnar við Andakílsa sóttu menn jafnvel sunnan af Álftanes, en síðan frá Höfn og inn í miðjan Skorradal. Frá Höfn eru um 14 km leið að Innri-Skeljabrekku og frá Hvammi er leið um 12 km. Á Hvítárvallaengjar komu menn ofan frá Fornahvammi og Sveinatungu í Norðurárdal, Valbjarnarvöllum og Jarðlangstöðum í Borgarhrepp og frá Iðunnarstöðum í Lundarreykjadal. Sama á við um Ferjubakkaflóa, þar sem bændur vestan af Mýrum sóttu þangað slægjur í sumum árum. Helgi Kristjánsson (2010; 2011) getur þess í minningum sínum að á árunum upp úr 1950, þegar kom bílfær vegur inn í Flóa, hafi bændur af öðrum bæjum en þeim sem áttu landið, í fyrsta sinn fengið slægjur í Ferjubakkaflóanum.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1982) segir svo um engjanytjar á Grímarstöum: „Munnmæli segja, að jörðin hafi brúkað selstöðu í Vatnsendalandi í Skoradal, en ábúandi á Vatnsenda aftur engispart þann, sem nú er kallaður Æluengi í Grímastaðalandi, nálægt örnefni því, sem kallast Vatnsendagarður.“ (bls. 184) Svo virðist sem þessar nytjar hafi verið af lagðar þegar þetta var ritað, en örnefnið hefur haldist allt fram á þennan dag (Ari Gíslason, á.á.).

Ásókn bænda í slægjur langt frá sinni heimajörð, skýrist af því hversu erfitt var með heyskap heima á bæjunum áður en vélvæðingin hóf innreið sína fyrir alvöru í íslenskan landbúnað, með framræslu mýra og ræktunar túna. Því skipti það sköpum fyrir afkomu bænda á mörgum bæjum, hvort þeir fengu slægjur á þessum engjum. Þær voru forðabúr fyrir stóran hluta héraðsins, sérstaklega ef illa áraði og þurrlendi spratt illa. Heima fyrir var það í mörgum tilfellum lélegur þurrlendisgróður sem var sleginn. Gat verið erfitt fyrir bændur að ná verulegu uppskerumagni. Auk þessa buðu þau lélegu verkfæri sem bændur höfðu yfir að ráða, ekki upp á góðan árangur í slætti en bitu hugsanlega betur á engjagróðurinn. Því var hægt að ná meira heyi af engjum með sömu vinnu þótt verkfærin væru léleg. Þessar staðreyndir skýra helst það hvers vegna bændur voru tilbúnir að leggja þessa miklu vinnu og fyrirhöfn á sig að sækja á engjar um langan veg til að afla heyja fyrir búsmala sinn.



3. mynd. Oft var sótt um langan veg á engjar. Hér sést hversu langt var farið á engjar Innri- og Ytri-Skeljabrekku frá Höfn í Melasveit og Hvammi í Skorradal.

Fyrir kom að bændur sæktu um enn lengri veg á engjar. Á kal- og hafísárunum fyrir 1970, líklega árin 1967 og 1968 komu bændur norðan úr Hrutafirði og fengu slægjur á Hvanneyrarengjum. Bræðurnir Þórarinn og Böðvar Þorvaldssynir frá Þóroddsstöðum í Hrutafirði og Sverrir Björnsson frá Brautarholti voru meðal þeirra sem þetta gerðu. Þeir fluttu dráttarvélar og múgavél á vörubíl að Hvanneyri, þar sem heyjað var á engjum. Fyrsta sumarið var heyið fullþurrkað á engjunum og flutt þannig heim á vörubíl. Seinna árið var heyið flutt hálfþurrt norður og fullþurrkað þar. Í hvort sinn var um nokkra bílfarma að ræða, a.m.k. sex að því er Þórarinn Þorvaldsson (2011) telur. Þessi hey björguðu miklu fyrir bændur á þessum slóðum. Fleiri bændur fengu slægjur í Borgarfirði á þessum árum en frá þessum tveimur bæjum.

Leigugreiðsla

Þeir sem fengu slægjulönd þurftu almennt lítið eða ekkert að greiða fyrir þennan aðgang. Á Suðurengjunum var engin árleg greiðsla fyrir nytjarnar. Sumir bændanna höfðu greitt fyrir nýtingarréttinn og töldu sig vera að kaupa þetta land. En samkvæmt dómi Hæstaréttar frá árinu 1960 eru engjarnar í eigu heimajarðanna (Ytri- og Innri-Skeljabrekku), en aðrar jarðir höfðu hins vegar slægjuítak á engjunum, en áttu ekki sína skika (Hæstiréttur, 1961). Þrátt fyrir þetta kom hvorki leigugreiðsla til, né réttur heimajarðanna til annars konar nytja á þeim jörðum sem höfðu ítak á engjum. Á Hvítárvallaengjum var í einhverjum tilfellum greidd leiga fyrir landið. Var hún greidd í peningum í þeim tilfellum sem heimildir eru til um það. Hins vegar var sú leiga ekki það há að hún væri íþyngjandi að mati heimildarmanns, en foreldrar hans leigðu slægjur á Hvítárvöllum um árabíl.



4. mynd: Fjölmargir sóttu slægjur um langan veg í Ferjubakkaflóa, jafnt úr Borgarnesi, af Mýrum og ofan úr Norðurárdal. Hér sést neðsti hluti Ferjubakkaflóa, ásamt Eskiholtsflóa. (Ragnhildur Helga Jónsdóttir)

Í Ferjubakkaflóanum var greiðslan oftast í forni vinnuskipta eða vöruskipta heldur en í peningum, að því best er vitað. Þó kom fyrir að greiðslan væri ein vínflaska eða svo (Þorkell Fjeldsted 2010).

Mjög óljósar upplýsingar eru til um hvernig greitt var fyrir þessi afnot af landinu. Það virðist sem ekki hafi verið haft hátt um hver greiðslan væri og hvernig hún væri reidd fram. Heimildarmenn vissu í fæstum tilfellum hvernig þessum kjörum var háttáð. Hugsanlega hefur þetta ekki farið hátt, þar sem leigutökum hefur þótt leigugreiðslan mjög lág og ekki viljað láta vitnast hversu ódýrt þeir fengu slægjulöndin. Ekki er þó hægt að fullyrða neitt í þessum efnum, vegna skorts á heimildum.

Almennt virðist viðhorf þeirra jarðeigenda sem áttu þessi forðabúr hafa verið að ekki væri rétt að græða á nágrönnum sínum þótt þeir fengju slægjulönd á flæðiengjunum. Engjarnar voru það stórar að hver landeigandi gat engan veginn nýtt

þær allar fyrir sig og sinn bústofn. Því virðist sem bændur hafi litið á það sem samfélagslega skyldu að láta nágrönnum sínum í té afnot af þessu landi sem landeigandinn þurfti sjálfur hvort sem er ekki. Með þessu móti stóð samfélagið í heild styrkari fótum og fleiri gátu lifað af sínum búskap – af landinu. Í þessu endurspeglast líka sú samhjálp sem í ýmsu einkenndi fyrri tíma, þar sem nágrannar hjálpuðust að, þegar á þurfti að halda og mörg verk voru unnin í sameiningu, öllum til hagsbóta.

Nýting engja utan sláttar

Í flestum tilfellum voru engjarnar nýttar til beitar fyrir búsmala heimajarðarinnar fyrri hluta sumars. Á Suðurengjunum mátti eigandi beita engjarnar fram að fardögum. Kindurnar voru settar á engjarnar á vorin en ekki annar fénaður. Eftir engjaheyskap voru bæði kýr og hross sett á engjarnar (Gísli Jónsson 2010). Svipaða sögu er að segja frá Ausu, féð sótti í nýgræðinginn í engjunum á vorin og fyrri hluta sumar, en hrossagirðing var ofan við engjarnar, sem varnaði því að hross og kýr kæmst í engjarnar, fyrir slátt (Auður Pétursdóttir, 2010).

Að sögn Árna Guðmundssonar (2010) sótti féð á Beigalda í engjarnar á vorin. Nálin kom fljótt í störrinni og því sóttu ærnar í nýgræðinginn. Líkt og í Ausu, þurfti að passa ærnar flæddi ekki þegar komu flóð. Þegar síðan ræktað land jókst, minnkaði ásókn ána í engjarnar á Beigalda. Hluti engjanna var alltaf nýttur til beitar fyrir kýrnar, en annar hluti var til skiptist beittur og sleginn

Sauðféð af Ferjubakkabæjunum og Ferjukoti sótti mjög í að komast inn í Ferjubakka-flóa á vorin. Þar var það þar til féð fór á fjall í byrjun júlí. Helgi Kristjánsson frá Ferjubakka (2010) segir svo frá:

Vorbeit var mikil í Flóanum og of mikil eftir að fénu tók að fjölga á vélaöldinni. Ekki var hægt að losa engjarnar við féð fyrr en með fjallrekstri um 10. júlí. Gat því orðið nokkuð snöggslægt amk. miðað við ef friðað hefði verið.

Aftur á móti var flóinn varinn fyrir hrossum. Það var gert með þeim hætti að girt var með tveggja strengja girðingu þar sem mest mæddi á við Norðurárbakkann niður með sookallaðri Selkeldu. Eftir 3-400 m tók við eins strengs girðing sem nokkuð var sérstök og forn, líklega frá komu gaddavírsins til landsins.

Í stað girðingarstaura sem aldrei hefðu þolað jakaburðinn höfðu verið hlaðnar vörður úr hnausum niður eftir Selkeldusléttunum og þaðan á ská nokkur hundruð metra vestur í engjarnar. Á einstaka stað voru staurar svo hægt væri að strekkja þennan eina streng með strekkingatöng. Strengurinn var svo lagður ofaná þúfuna og hnaus ofaná til að halda honum. Bilið á milli þessara vörðuhnausa var kannski um 30-50 metrar eða svo. Það merkilega var að hrossin létu aldrei reyna á þessa girðingu né fóru fyrir enda hennar, enda voru þau meira fyrir valllendið og höfðu nægt land til að valsa um. Svona var Flóinn varinn og fór sameiginleg dagstund í að laga „girðinguna“ úr því vika var af júní.



5. mynd: Starir í bleytum lifna löngu á undan öðrum gróðri. (Ragnhildur Helga Jónsdóttir)

Annars voru kýrnar á Ferjubakkabæjunum og Eskiholti oft inni í Ferjubakkaflóa og sóttu þær í að fara þangað. Það gat tekið langan tíma að ná þeim heim í mjaltir þar sem um langan veg var að fara.

Oft fóru þær illa á júgrum þar sem þau strukust við störina (Þorkell Fjeldsted, 2010; Sveinn Finnsson, 2011; Guðrún Fjeldsted, 2011).

Mannvirki á engjum

Þau mannvirki sem voru á engjum, tengdust einkum og sér í lagi áveitum eða flóðvörnum. Á sumum engjanna voru hlaðnar svokallaðar rústir, en þær voru manngerðar og voru einhvers konar upphækkun á landinu, þar sem tekinn var jarðvegur í kring til að hækka upp þennan blett sem er rústin, en ekki var hlaðið kringum hana. Í raun má lýsa þessu sem einhvers konar stalli eða hæð sem útbúin var af bændum, sem höfðu þessar rústir upp á að hlaupa ef var stækkandi straumur og flóð hlypi á sig, eða ef komu flóð vegna vatnavaxta. Þá flúðu menn upp á rústirnar með heyið, til að það flyti síður. Þetta voru nokkuð mikil mannvirki og standa enn. Á Suðurengjunum

voru fjórar slíkar rústir og voru þær á Rústarengi, Fossaodda, Konuengi og engjum Mófellsstaðakots (Gísli Jónsson, 2010). Í Ausu var líka slík rúst ofarlega í engjunum (Auður Pétursdóttir, 2010). Þá er ein rúst inni í Ferjubakkaflóa, svokölluð Gannnesrúst (Þorkell Fjeldsted, 2010). Gannnes heitir öðru nafni Garðnes og er það í mörgum tilfellum borið fram sem Gannnes. Hvoru tveggja rithátturinn á þessu orði er notaður.

Á einum engjanna var sameiginlega unnið að vegalagningu. Óvíða voru skúrar eða íverubústaðir en þó voru slíkir skúrar bæði á engjum Innri-Skeljabrekku og á Hvítárvallaengjum. Þeim



6. mynd: Engjavegur á Skeljabrekkuengjum, horft til Brekkufjalls (Þorsteinn Jóseppson).

er lýst hér að aftan þar sem fjallað er um aðbúnað fólks á engjum.

Á engjum Innri-Skeljabrekku var sameiginlega gerður vegur niður á engjarnar til að auðvelda aðgang að þeim. Guðmundur Þorsteinsson (2011) segir að árið 1874 hafi verið gert samkomulag um að þeir sem ættu nytjarétt á Suðurengjunum gerðu sameiginlega veg niður yfir engjarnar. Um það finnst þó litlar og óljósar heimildir. Svo er þó að sjá að eitthvað hafi verið gert í þeim málum því að skráðar eru deilur um veg og hlið á þessum slóðum. Guðmundur heldur svo áfram (bls.2):

Nokkru fyrir og í byrjun dráttarvélaaldar gengu eigendur Suðurengja til samstarfs við eigendur Innri-Skeljabrekku um lagningu og viðhald sameiginlegs akfærs engjavegar, sem endaði með framlengingu niður á Þrætunef. Jafnframt voru gerðar brýr úr timbri á stökkana, þeim var fest niður með hælum en þær flutu oft upp og færðust úr stað í stórflóðum. Síðar var þeim leyft að fljóta upp en þá voru þær tjóðraðar við góðan hæl á bakkanum. Eftir að þessi engjavegur var gerður var hey að mestu flutt af engjunum á vögnum af ýmsum stærðum og gerðum og þeir dregnir ýmist af lifandi eða dauðum hestöflum.

Nánar er fjallað um þessar brýr og árlegar lagfæringar á þeim og veginum niður á engjar aftar í þessu riti, í kafla um árlegan undirbúning engja.

Í Ausu er örnefnið Engjabrú, en það er slóðin niður á engjarnar frá bænum. Áður fyrir lá leið þeirra sem komu sunnan yfir Andakílsá, upp Engjabrú og síðan áfram til Hvanneyrar. Lengi vel var Engjabrúin blaut og erfið yfirferðar og sökk gjarnan í hana þegar hey var flutt heim af engjunum, sérstaklega eftir að dráttarvélar komu til sögunnar. Upp úr 1960 voru grafnir skurðir í engjarnar, meðal annars meðfram Engjabrúnni. Við það þornuðu engjarnar og auðveldara varð um vik að flytja hey heim af þeim (Auður Pétursdóttir, 2010).

Í bókinni Byggðir Borgarfjarðar I (Björk Ingimundardóttir o.fl., 1998; bls. 266) er gerð grein fyrir jarðabótum héraðsbúa. Þar segir:

Á síðustu árum 19. aldar og fyrstu árum þeirrar tuttugustu beindust jarðabætur einkum að áveitum og öðrum engjabótum. Þessar framkvæmdir fólust í hleðslu flóðgarða og stíflugarða, svo og greftri áveituskurða.



7. mynd: Flóðgarðar sjást enn vel á Hvanneyrarfit. (Bjarni Guðmundsson).

Þessar engjabætur voru umtalsverðar á fyrsta tug aldarinnar og fram eftir öðrum tugnum. Einkum var mikið grafið af áveituskurðum, oftast á 3. km á ári, en stundum verulega meira. Um eða litlu fyrir 1920 hefst tímabil mikilla engjabóta, sem stóð stutt. Árið 1919 er mest hlaðið af flóð- og stíflugörðum á einu ári, eða tæpir 8,5 km, en mest er grafið af áveituskurðum árið 1921, tæpir 7 km. Þegar kemur fram á 3. áratuginn dregur mjög ört úr þessum framkvæmdum og árið 1928 eru engar flóðgarðahleðslur taldar í jarðabótaskýrslum, og engir áveituskurðir eru nefndir árið 1929. Á næstu árum eru af og til teknar út lítils háttar engjabætur, en opinber framlög til þeirra voru veitt til ársins 1949.

Á árunum 1901-1930 voru samtals hlaðnir 9.767 metrar af flóð- og stíflugörðum og grafnir voru 14.559 m af veituskurðum (Björk Ingimundardóttir o.fl., 1998).



8. mynd a: Flóðgarðar með lokubúnaði í stökkum. (Bjarni Guðmundsson).



8. mynd b: Flóðgarðar með lokubúnaði í keldum. (Bjarni Guðmundsson).

Á flestum engjanna voru flóðgarðar sem náðu yfir hluta eða allar engjarnar. Þessi mannvirki voru mjög misjafnlega stór milli svæða. Á engjum Skeljabrekku, bæði Ytri og Innri voru flóðgarðar í kringum þau engjastykki sem heimajarðirnar nýttu. Gísli Jónsson (2010) lýsir þeim svo:

Uppi í engjunum, kringum engjastykki Innri-Brekku, voru flóðgarðar, sem voru mikil mannvirki. Flóðgarðarnir voru ekki niðri á engjunum. Í stökkunum var stífla með einstreymsloka. Það lá rör í gegn og fyrir því var timburhleri á lömum og var hlerinn þyngdur til að hann flyti ekki upp og opnast. Hlerinn opnast í átt að ánni, þannig að hann lokast þegar flæddi að og því flæddi ekki inn á engjarnar. Hins vegar ef einhvers staðar flæddi inn fyrir flóðgarðinn, þá opnast hlerinn undan vatnsþrýstingnum innan frá og vatnið gat runnið út af engjunum.

Í Ausu voru líka miklir flóðgarðar og stíflur í stökkum. Lengd garðanna var um 1100 metrar. Gegndu þeir því hlutverki að verja engjarnar fyrir flóðum á sumrin, en voru ekki ætlaðir til áveitu, það best er vitað (Auður Pétursdóttir, 2010).

Á Hvanneyrarengjum er mikið kerfi flóðgarða, sem bæði voru notaðir til áveitu á engjarnar, en líka til að verja engjarnar fyrir flóðum. Árið 1916 var vatni úr Vatnshamravatni veitt niður á engjar og þurfti því áveitugarða til að halda vatninu uppi. Eitt af hlutverkum Bændaskólans á Hvanneyri var að kenna nemendum að veita vatni á og grafa skurði. Því var það hluti af verklegri kennslu að nemendur lærðu hvernig skyldi hlaða flóðgarða og hélst það allt fram um miðja 20. öld. Magnús

Óskarsson (2008) lýsir nokkuð hvernig staðið var að slíkri hleðslu. Tómas Helgason frá Hnífsdal (2010) lýsir flóðgarðahleðslu mjög ítarlega í verknámsdagbókum sínum frá árunum 1939-1940, þegar hann var nemandi við skólann á Hvanneyri. Hleðsla flóðgarða var hluti af verknámi Tómasar:

Það fyrsta sem við urðum að gera var að finna aflestur þann sem var við enda færunnar og var hann 1,18 m en sá aflestur er miðuð var við og var á gömlum garði var 0,63 og er því mismunur 0,55 en sú hæð var ekki látin nægja hinum nýja garði heldur gerð 35% fyrir sigi en það er af 0,55 m 0,19 m eða hæð garðsins 0,74 m. Fláinn á garðinum var 1 : 1 ¼ og 1 : ¾ og var meiri fláinn móti suðri og sjó. Breiddin að ofan var 0,30 m. Breidd garðsins að neðan var því 1,78 m. Lengd færunnar var 6,00 m.

Vinnulýsing.

Fyrst var mælt fyrir garðinum og svo 0,75 m frá honum mælt fyrir skurði og var hann stungin þannig að upp úr honum kom strengur. Fyrir garðinum var grafið þannig að stungin var ein stunga niður og svo tekið snið niður í það og hefir það verið um 0,40 m. Til þess að sjá hvað mætti hlaða með miklum fláa er sett snúra í þeirri hæð sem garðurinn á að vera og eftir henni er fláinn sigtaður. Sniddan er stungin með hæfilegum fláa og er það best að hann sé sem allra réttastur svo þægilegt sé að hlaða úr henni. Þegar búið er að hlaða eitt lag með sniddu skal fylla upp í og troða vel og sé troðið leir eða leirkennt er í það tekið undistunga og myndast þar af skurður með fram garðinum. Er þannig hlaðið lag af lagi uns garðinum er lokið og er svo að síðustu lagt lag á kóiahnaus ofan á garðinn.

Í Ferjubakkaflóa var stuttur áveituskurður. Í Gannesi (Garðnesi) er lægð í landið og inn í þá lægð liggur skurður frá norðri úr Gljúfuránni. Hann var stíflaður til að halda vatninu á svæðinu fram á sumarið (Þorkell Fjeldsted, 2010). Annars er lítið af mannvirkjum í Flóanum.

Efst í skurði á merkjum Hvítárvalla og Grímarsstaða var svo nefnd Barónsstífla. Hún var móts við Handklæðisengi á engjum Hvítárvalla. Um var að ræða stíflumannvirki, sem hægt var að setja spjald í til að stoppa aðstreymi vatns inn á efri hluta engja Hvítárvalla. Stíflan mun vera frá þeim tíma þegar franskur baróninn Charles Gouldrée Boilleau átti jörðina og rak bú þar árin 1898-1901. Í framhaldi af þessari stíflu var handgrafinn skurður upp í Hvítárvallaengjar sem nefnist Barónsskurður (Þórhallur Teitsson, 2010).

Á flestum þeirra engja sem hér er fjallað um, var ráðist í að grafa skurði þegar kom fram um og yfir miðja 20. öld. Þetta var gert, eins og annars staðar, í þeim tilgangi að þurrka engjarnar og gera þær aðgengilegri. Sums staðar bar það tilætlaðan árangur og samhliða breyttist gróðursamsetning. Annars staðar hafði það lítil eða engin áhrif, eða



9. mynd. Hleðsla flóðgarða á engjum Hvanneyrar árið 1937. (Þórður Gíslason).

a.m.k. bar ekki þann árangur sem vænst var. En önnur hliðarverkan þessara framkvæmda var að breyting varð á spildum og þar með örnefnum sem á þeim voru, því ekki voru skurðirnir alltaf grafnir eftir þeim keldum og stokkum sem áður voru og mörkuðu oft skil milli engjastykkja. Einnig gerðu skurðirnir það að verkum að keldur og lænur sem áður voru, hurfu og þar með örnefnin, sem og að tjarnir og bleytur í engjum þornuðu upp og hurfu.



10. mynd: Flóð- og áveitugarðar á Hvanneyrarengjum. (Bjarni Guðmundsson).

Skipting slægna

Hve stór svæði?

Ekki virðist hafa verið neitt fast viðmið um það hversu stórt svæði hver og einn hafði sem fékk

slægjur hjá heimajörðunum. Það hefur líklegast ráðist meira af aðstöðu á hverri jörð fyrir sig og þörfum þeirra sem fengu slægjur. Þó virðist sem að á Suðurengjunum hafi svæðin verið

svipuð að stærð, a.m.k. gefið af sér nálega sama uppskerumagn. Hér hefur þó ekki verið ráðist í nákvæmar mælingar á stærð svæðanna.

Þorkell Fjeldsted (2010) nefnir að í einhverjum tilfellum t.d. á engjum Hvítárvalla, hafi þeir sem fengu slægjur, fengið tiltölulega mjóa ræmu sem náði frá bökkum og inn til landsins. Þannig fengu menn bæði bakkahey og starahey úr bleytunum. Hugsanlega hefur þetta verið gert til að allir fengju sem líkast hey, blöndu af bakkaheyi og stö.

Hvernig voru skil milli svæða mörkuð?

Eins og áður greinir voru stokkar og keldur notaðar á Suðurengjunum til að draga mörk á milli svæða sem einstakar jarðir höfðu yfir að ráða, auk lína úr víkum með Andakílsá. Ekki þurfti önnur kennileiti inni í engjunum til að draga mörkin. Þarna, eins og á öðrum svæðum, var passað upp á að slá ekki alveg að mörkum milli svæða. Þannig myndaðist sinurönd sem leir safnaðist í og því voru skilin glögg á milli ára.

Undirbúningur engja/sláttar

Engjar gerðar véltækar

Þegar hestasláttuvélar og síðan aðrar hevvinnuvélar fyrir hesta, komu, fýsti bændur í að slétta engjarnar til að flýta fyrir og auðvelda heyskap. Þegar vélar komu til jarðvinnslu varð það almennt að engjar væru sléttaðar. Sigurður Jónson í Görðum (Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1952, bls. 160) lýsir því í bók sinni að hann fékk Ræktunarfélag Borgarfjarðar til að vinna landið á engjum með Andakílsá.

Eftir að ég fór að nota sláttuvél við heyskapinn í Borgarfirði, sá ég fljótt, að landið þurfti meiri aðgerða við, og að það þurfti að rækta betur. Tókst samvinna milli mín og Ræktunarfélags Borgarfjarðar. Það hafði jarðræktar-verkfæri og mann í þjónustu sinni og vann hann fyrir mig á landinu bæði vor og haust. lét ég svo plægja á haustin og herfa á vorin. Landið var svo frjósamt, að það þurfti ekki neinn áburð, og eftir tvö ár var það orðið hið bezta land og gaf mikið af sér. Eftir dálítinn tíma var búið að slétta tuttugu og fimm dagsláttur, en við það

Á Ferjubakkaflóanum átti hver bærinn sína spildu. Helgi Kristjánsson (2010, bls. 3-4) segir svo frá:

Flóanum var öllum skift til slægna milli bæjanna og veit ég ekki hve gömul sú skifting er.

Fyrst skal telja að Ferjukot átti odda mikinn við ármót Gljúfurár og Norðurár við Hópið, sem heitir Garðnes. Það er mikil og góð slétta með hreinni stö. Svo tók við hvert beltið af öðru niður Jónsnessléttunna. Náðu þessi stykki frá Sandhrygg og allt vestur að Hópinu, mörg hundruð metra löng og að mig minnir 80 faðmar á breiddina. Tók þar hver bær við af öðrum. Með sama hætti var skiftingin Selkeldumegin við Sandhrygginn, þe. að austanverðu, en þar eru stykkinn minni.

Skil á milli spilda í Flóanum voru afmörkuð ýmist með kolpúpum eða með því að stinga upp hnausa og snúa þeim á hvolf (Magnús Kristjánsson, 2010). Síðan voru skildar eftir sinurastir á milli svæða.

varð heyskapurinn bæði léttari og fljótlegri. Við urðum allt af að tvíbinda hvern bagga, en síðan voru þeir dregnir á þar til gerðum sleðum, sem tveir hestar drógu að Stóra-Stokk. Upp frá þessu fékk ég af landinu um fjögur hundruð hesta.

Rétt er að taka fram að þar sem Sigurður talar um Ræktunarfélag Borgarfjarðar, á hann annað hvort við Búnaðarfélag Andakílsahrepps, sem á árunum



11. mynd: Slegið með hestasláttuvél á Hoanneyrarfit. (LbhÍ).



12. mynd: Hey tekið saman með ýtu á Hvanneyrarfit árið 1927. (Þjóðminjasafnið).

1907-1916 réði 3-5 menn til jarðabótastarfa á hverju ári og unnu þeir á starfssvæði Búnaðarfélagssins. Ellegar að Sigurður eigi við Búnaðarsamband Borgarfjarðar, en það gerði út plægingaflokka á árunum 1911-1929 sem fóru um allt héraðið (Björk Ingimundardóttir ofl., 1998).

Þegar Gísli Jónsson eldri og fjölskylda flutti að Innri-Skeljabrekku árið 1936, var strax hafist handa við að vinna í flögum niður á engjum til að slétta þær og voru þær herfaðar með hestum. Gísli Jónsson yngri (2010) telur að líklega hafi allir engjarnar verið sléttaðar á þennan máta, nema Hornsengi og Rústarengi, þar sem eru þúfur úti á árbakkanum. Guðmundur Þorsteinsson frá Efri-Hrepp (2011) nefnir að á árunum milli 1930

og 1940 hafi stór hluti engjanna verið sléttaður með herfi og hafi hver bær látið slétta part af sínu svæði á hverju ári. Júlíus Þórmundsson í Bæ í Bæjarsveit vann mikið við þetta á Suðurengjunum sem og annars staðar, og var hann á dráttarvél á járnhjólum við þessa vinnu.

Í Ferjubakkaflóa er vitað að Garðnes (Gannnes) var sléttað með því að herfa landið og valta síðan. Ekki þurfti að sá í flagið heldur gréri það upp á skömmum tíma. Sléttun Garðsness hófst líklega um miðja 20. öld og stóð fram til 1965, en fljótlega eftir það minnkaði nýtingin verulega þannig að sléttun landsins nýttist ekki sem skyldi (Þorkell Fjeldsted, 2010).



13. mynd: Ragnheiður Daniélsdóttir, Sigurður Daniélsson og hundurinn Gaukur standa við hestasláttuvél á engjum Grímarstaða. Bæjarhúsin eru í baksýn. (Helga Daniélsdóttir).



14. mynd: Teitur Daniélsson slær með hestasláttuvél með skúffu á Grímarstaðaengjum. Hestaklettur á Hvítárvalleingjum í baksýn. (Helga Daniélsdóttir).

Sömu sögu er að segja á engjum við ós Gufuár, þar sem eru bakkar. Þeir voru herfaðir og valtaðir en ekki sáð í þá. Bændur á bæjunum Krumshólum, Lækjarkoti og Ölvaldsstöðum sléttuðu sameiginlega sína bakka. En bakkarnir sem tilheyrðu Beigalda voru ekki sléttaðir því bóndinn sem bjó þar á þeim tíma, mátti ekki við að missa heyið það árið (Árni Guðmundsson, 2010).

Jarðvinnslan fór þannig fram að landið var herfað eða tætt og síðan valtað, en ekki þurfti að sá í flagið (græðisléttun). Svo virðist sem einungis hafi það verið fyrsta sumarið eftir sléttun, sem engjastykkinn gátu ekki nýst til sláttar, en hins vegar tók það eitthvað lengri tíma fyrir gróðurinn að þéttast að fullu eftir sléttun landsins. Að sögn heimildarmanna voru það bæði bakkarnir og hálfdeiguhlutar engjanna sem voru sléttaðir með þessu móti, en keldurnar eða sá hluti sem blautastur var, voru láttnar eiga sig, þar sem jarðvinnsla er mjög erfið í keldunum.

Ljóst er að þessi sléttun engjanna hafði mikið að segja um hversu eftirsóknarvert var að komast á engjar. Hægt var að slá stór svæði á uppskerumiklum engjum á skömmum tíma og víst að fóðuröfluninn gekk mun betur en ella.

Árlegur undirbúningur

Undirbúningur engja fyrir slátt var sjaldan mikill. Í sumum tilfellum þurfti að fara yfir engjar og hreinsa af þeim grjót sem borist hafði með jökum yfir veturinn. Einnig þurfti að hreinsa reka sem á þær höfðu komið. Það var í fæstum tilfellum mikið mál. Á sumum engjanna fólst undirbúningurinn einkum í því að laga vegi eða slóða sem lágu á engjum.

Á Suðurengjum þurfti að laga brýr á stökkum niður á engjunum. Þetta voru timburbrýr sem teknar voru af á haustin og setja þurfti aftur á stökkana fyrri hluta sumars. Brýrnar voru þannig settar að þær voru hafðar lausar í sínu sæti til að þær gætu flotið upp í flóðum, en hins vegar voru bönd á hornunum sem tryggðu að þær settust aftur í sín sæti þegar undan fjaraði. Jón Gíslason á Innri-Skeljabrekku ákvað þann dag sem ætti að fara í að setja brýrnar á og var þetta gert áður en túnasláttur hófst, alla jafnan í lok júní. Yfirleitt komu menn frá öllum bæjum sem áttu slægjur á Suðurengjunum og unnu að lagfæringum í einn til tvo daga. Jafnframt því að setja brýrnar á stokka, þurfti að stinga að brúnum og stundum var keyrð mól á hestvögnum í veginn niður á engjarnar, þar sem voru bleytur.

Á haustin voru síðan brýrnar teknar upp aftur. Það var minna verk heldur en að setja brýrnar á og mættu því sjaldan fleiri en einn til tveir menn aukalega til að hjálpa Jóni við það verk.

Viðhald girðinga var alfarið í höndum heimafólks á Brekku, sem og að reka aðkomugripi burtu af engjunum, ef þeir komu.

Í kringum engjastykki Innri-Skeljabrekku voru flóðgarðar sem voru mikil mannvirki. Huga þurfti að lagfæringum á þeim á vorin og var það alfarið í höndum heimafólks, enda voru þetta flóðgarðar kringum heimaengjarnar (Gísli Jónsson, 2010). Sama var uppi á teningnum í Ausu, þar sem voru langir flóðgarðar og stíflur í stökkum. Mikil vinna var á hverju vori að halda þeim við. Líklega var hún meiri en ella vegna þess að flóðgarðarnir voru slegnir og því var enginn sína sem styrkti þá og minnkaði álag á þá (Auður Pétursdóttir, 2010).

Á Hvanneyrarengjum voru sömuleiðis miklir flóðgarðar og stíflumannvirki. Það var hluti af námi skólapipta að hlaða flóðgarða og læra viðhald þeirra. Flóðgarðar voru því lengri en nauðsynlega þurfti. Síðan þurfti að viðhalda þeim og voru nemendur láttnir gera það að einhverju leyti (Magnús Óskarsson, 2008; Tómas Helgason, 2010).

Hvítárvallaengjar þurftu lítinn undirbúning að vori. Líkt og annars staðar var farið yfir þær og reki hirtur, en annars var það lítið sem þurfti að gera (Jón Haraldsson, 2010).

Ekki er vitað með vissu hversu víða og/eða hversu oft tilbúinn áburður var notaður á þessar engjar. Trúlega hefur hann verið sparaður og náttúrulegur áburður sem barst með ánum verið látinn duga. Þó er vitað að á Innri-Skeljabrekku var tilbúinn áburður einungis borinn á bakkana á þeim hluta sem tilheyrði jörðinni sjálfri (Gísli Jónsson, 2010). Einnig var tilbúinn áburður einstöku sinnum borinn á Hvanneyrarfitina, en ekki mun það hafa verið að staðaldri (Magnús Óskarsson, 2008).

Á árunum 1956 til 1965 voru gerðar tilraunir á Hvanneyrarengjum á áhrifum tilbúins áburðar á uppskeru, efnamagn og grasasamsetningu engjagróðurs. Niðurstöður sýndu að engjagróðurinn svaraði vel köfnunarefnis- og fosfóraburði og skilaði það aukinni uppskeru, auk þess sem hlutdeild heilgrasa jókst þegar borið var á (Magnús Óskarsson, Matthías Eggertsson, Jón Snæbjörnsson og Þorsteinn Þorsteinsson, 1967).

Heyskapur

Hvenær sumars?

Í flestum tilfellum var farið á engjar eftir að túnaslætti lauk. Flestir heimildamenn tala um að farið hafi verið á engjar í lok júlí, ef vel gekk, en yfirleitt var það í ágúst sem engjaheyskapurinn stóð yfir. Bæði réðist það af tíðarfari og hvernig stóð á straumum, hvenær hægt var að fara á engjar.

Á þeim engjum sem lægst standa, svo sem engjum meðfram Andakílsá og engjum niður með Hvítá, gætir sjávarfalla það mikið að í flestum straumum var hætta á að hey flæddi. Því var setið um að fara á engjar þegar var minnkandi straumur, til að heyskapnum væri lokið áður en yxi í næsta straum. En síðan réðist það að sjálfsögðu af veðurfari líka, hvort gæfi fyrir heyskap á milli strauma, þannig að ekki var víst að hægt væri að heyja milli strauma. Í óþurrkasumrum gat heyskapur teygst langt fram á haust og urðu heyin þá að sama skapi léleg.

Þeir sem höfðu slægjur á Suðurengjunum, treystu á upplýsingar frá heimafólki á Brekkubæjunum um hvenær gæfi fyrir slátt. Heimafólk fylgdist betur með flóðum en aðrir og jafnframt þóttu t.d. Kristín Pétursdóttir á Innri-Skeljabrekku og Sigurður Sigurðarson á Ytri-Skeljabrekku býsna veðurglög, þannig að aðrir bændur treystu á upplýsingar frá þeim um hvenær væri hægt að fara að slá.

Árni Guðmundsson frá Beigalda (2010) bendir á að menn þurftu að láta nægan tíma líða frá því síðast hafði flætt upp í engjar, áður en farið var að slá, til að vatnið sigi niður úr engjunum. Vegna þess að um leir- og malarborna jörð var að ræða, seig mjög fljótt niður úr þeim. Á Beigalda var reynt að slá allar engjarnar á einum smástraum. Misjafnt var hve marga daga ekki vatnaði upp í engjarnar. Fór það eftir veðri og vindátt.

Mér þótti engjaheyskapurinn hálfgerð neyðarbraud vegna sjávarins. Mér fannst ekki gaman á engjunum, var alltaf smeykur um að flóðið myndi hlaupa á. Vandinn við heyskapinn var að kunna að reikna út sjávarföllin, ekki var nóg að sjá hæð flóðs í almanaki, heldur fylgdi hæðin líka veðrinu og því komu þau ekki eftir klukkunni. Ég lærði nær strax að flóðin eru mismikil og fer það eftir hvort tungl er nær eða fjær jörðu. Ef síðan tunglið er næst jörðu fyrir skráð stórstreymi, þá eru líkur á að verði fyrirstreymt, en ef tungl er næst jörðu eftir stórstreymi verður eftirstreymt. Síðan gat flóðið verið afbrigðilegt, t.d. ef kom hvöss vestanátt þá gat flóðið hlaupið á – var áhlaðandi. Það þurfti að finna út úr þessu til að geta bjargað heyinu.

Það var kapphlaup að klára túnin sem fyrst til að komast á engjar sem fyrst áður en straumar stækkuðu þegar leið á sumar og þar með hætta



15. mynd: Votaband. Hey flutt á þurrkvöll á bíl úr Ferjubakkaflóa sumarið 1953. (Þórdís Ragnarsdóttir).

á að heyin flæddu. Líka áður en leirinn kæmi úr flóðunum, það er ná engjaheyinu áður en kom leir úr Hvítá þegar straumarnir stækkuðu þegar kom fram á sumarið.

Efkom leir í heyið, var reynt að snúa sem oftast til að ná leirnum úr heyinu og sömuleiðis var rigning vel þegin eftir slíka stóra strauma sem höfðu borið leir í slægjurnar á engjum – sjaldan sem rigning var vel þegin en það var þó í þessi skipti, til að þvo störina eftir flóðin.

Einnig þurfti að hafa í huga að slá flæðiengjarnar nógu snemma því fódurgildið féll alveg ótrúlega ört þegar þær voru orðnar fullsprotnar. Menn þurftu að ná heyinu fyrir þann tíma, helst meðan enn var hunang í störrinni, en það var ef hún var sleginn nógu snemma, meðan mikill kraftur var í störrinni. Einnig var sagt að ekki væri hættu á að hey brynnu ef var hunang í því. (Árni Guðmundsson, munnleg heimild 2010)

Nú, áratugum síðar minnst margir heimildamenn með ánægju þessa ilms sem fylgdi störrinni ef hunang var í henni ennþá.

Vinnuaðferðir og verklag

Á mörgum þeirra jarða sem áttu engjastykkinn (heimajarðirnar) var fyrirkomulag engjasláttar þannig að bakkar (fitjar) voru slegnir fyrst, þar sem þeir voru þurrari en bleyturnar ofar í engjum. Síðan voru blautari hlutar engjanna slegnir og í mörgum tilfellum var heyið rakað úr þeim upp á bakkana og þurrkað þar. Hins vegar var það almennt þannig að þeir sem fengu slægjur á engjum annars staðar slógu allt sitt stykki í einu lagi, hvort sem um voru að ræða bakka eða bleytur eða hvoru tveggja.

Heimildarmenn eru almennt sammála um að samvinna á milli bæja um heyskap á engjum hafi yfirleitt ekki tíðkast, þó það hafi vissulega komið fyrir. Þótt fólk frá mörgum bæjum hafi verið að heyja á sama tíma á samliggjandi engjasmæðum, voru flestir sjálfum sér nægir og lítið um samvinnu í daglegum verkum. Ef hins vegar eitthvað kom upp á, svo sem að dráttarvél festist í keldu, þótti sjálfsgætt að aðstoða. Ragnar Olgeirsson (2010) nefnir þó að stundum hafi foreldrar hans fengið annan mann til að slá með hestum á Hvítárvallaengjunum en á móti hafi þau hjálpað honum við rakstur. Þannig að vinnuskipti voru stunduð í einstaka tilfellum.

Á svæðum þar sem margir heyjuðu engjar, s.s. á Suðurengjunum, þótti bændum óþægilegt að vera

síðastir við heyskap. Hefur það væntanlega að hluta skýrst af því að þá var erfiðara um vik að fá aðstoð ef í harðbakkann sló, auk þess sem meiri hættu var á að bændur misstu hey sín í flóð. Því var oft líflegt á engjum þegar gaf til sláttar og fólk frá mörgum bæjum vann á sama tíma í kapp við tímann og náttúruöflin að draga björg í bú fyrir veturinn.

Þurrkvellir þekktust m.a. í Ausu, á Ölvaldsstaðajörðunum og víðar á jörðunum norðan Hvítár, en þó ekki Beigalda. Líklega hafði upphaflega verið melur eða holt, þar sem þurrkvellirnir voru, en síðan gréri svæðiðsmám saman upp, en var þó ekki slegið. Tilkoma og notkun þurrkvalla var líkast til vegna þess að það kom oft sori með engjaheyinu og menn vildu losna við að fá það á túnið. Kusu þess í stað sérstakan þurrkvöll, sem ekki var nýttur til sláttar, heldur eingöngu til að þurrka engjaheidi (Árni Guðmundsson, 2010). Þannig var líka styttra að reiða nýslegið og blautt heyið.

Á sumum engjanna var hey ekki þurrkað þar, heldur var heyið flutt heim sem votaband og þurrkað heima við hlöðu. Mjög lítið var hægt að flytja í hverri ferð á hestunum vegna þess hve þungt heyið var. Því var flekkurinn lítill sem kom úr hverri ferð. Síðan þurfti að dreifa úr því heima, þurrka, rifja og raka upp í föng. Það mæddi mikið á konunum við þennan heyskap, einkum vegna þess hversu þungt var að raka heyið í votabandið. Sömuleiðis var þungt að koma böggunum upp á klakkinn og fóru margir illa í baki á því (Svava Finnsdóttir, 2010).

Guðrún Kristjánsdóttir (2010) sem er fædd á Ferjubakka II lýsir heyskap í Ferjubakkaflóa svo (bls. 1-2):

Svæðin sem slegin voru á þessum árum voru Selkeldubakkar og svæðið umhverfis þá, Sandhryggur þar sem var þurrt undir, land stendur hærra og afbragðs þurrkvöllur, vestast Jónsnes með þurrum bökkum og blautari svæðum í kring. Tilhögun var þannig að bakkar voru slegnir fyrst og síðan blautari svæði og ýtt af þeim á bakkana og breitt þar. Ef mjög þurrt var um, var oft hægt að þurrka á blautari svæðunum en aðeins með því að nota handverkfæri, þar sem vélarnar gátu bleytt heyið upp aftur ef mikið var keyrt yfir það. En í vætusömum sumrum var heyið af blautari svæðum keyrt burt og flutt heim á tún nálægt fjárhúshlöðunni, þurrkað þar og gat verið þægilegt að yta því beint heim að dyrum.



16. mynd: Slegið með Farmal Cub á Ásgarðsfit; notuð heyskúffa. (Ólafur Guðmundsson).

Það fór mikið eftir tíðarfari hvenær sláttur hófst á engjum, en almennt á bilinu 20. júlí – 20. ágúst. Oftast var fyrst slegið á heimaengjum sem liggja í suður og neðan við bæinn Ferjubakka. Einnig skiptu miklu stórir straumar í Hvítá og hve langt heyskapur á heimatúnum var kominn. Þó var nær alltaf heyjað samtímis á engjum og heimatúni.

Heyband lagðist af eftir því sem dráttarvélar og bílar urðu almennari. Þær heimildir sem safnast hafa í þessu verkefni benda til að heyband hafi síðast verið notað þegar bændur frá Ferjubakka fóru inn í Nauthólma, neðst í Nordurá og slógu þar með orfi og ljá. Þetta var gert bæði árin 1965 og 1969. Heyið var bundið í bagga með hrosshársreipum og flutt í land á bát og svo á heyvagni heim. Seinna árið



17. mynd: Heyskapur á Hvanneyrarfit um miðja síðustu öld: rakað saman með Farmal A, Case-dráttarvél með vagn og heyhleðsluvél fylgir á eftir. (Þorsteinn Jóseppson).

voru þetta 22 baggar (Sigríður Inga Kristjánsdóttir, 2010; Guðrún Kristjánsdóttir, 2010).

Heyinu var skipt til helminga á hvorn bæ, [Ferjubakka II og III], einnig var sett í 100 drýlur (litlar heysátur), sem átti að sækja í hólmann síðar. Þann 27. sept: aftur hafði komið óþurrka kafli en þennan dag lauk heyskap og tók ferlið 4 vikur. Magnið sem náðist var ekki ýkja mikið en þótti fólkinu þetta ævintýralegt, bæði yngra og eldra og ekki síst bændunum. (Guðrún Kristjánsdóttir, 2010, bls. 3)

Sumarið 1969 var ekki farið í heyskap inn í Ferjubakkaflóa frá Ferjubakkabæjunum. Þetta var rigningarsumar ofan á kalt vor. Sumarið eftir var hins vegar farið óvenju snemma inn í Flóa. „25. júlí var byrjað að slá samtímis á heimaengjum og í Flóanum, en laga þurfti veginn áður en farið var að keyra heyið heim. Á tímabilinu 25. júlí – 22. ágúst var farið í 15 daga inn í Flóa. Það voru óvenju margir dagar, en tíðarfar var gott og ef til vill reynt að bæta fyrir sumarið áður.“ (Guðrún Kristjánsdóttir, 2010, bls. 3). Sumarið 1971 var síðast slegið í Flóanum frá Ferjubakka II en heimaengjar voru slegnar í einhver ár eftir það.

Guðrún hefur haldið dagbók um áratugaskeið og eru þar ítarlegar upplýsingar m.a. um hvenær farið var að slá hvar og hvernig verkum miðaði

áfram. Í dagbókum hennar er meðal annars þessi færsla frá þriðjudeginum 20. ágúst 1968, sem gefur góða mynd af þeim heyskap sem verið var í þann daginn:

Það er hryllingskuldi úti í dag, ég fór niður í engjar fyrir hádegi að raka frá svolítið. Henning var á Trönu (Ferjubakka 1) í nótt og hafði breitt úr á öllum Suðurbakkanum, bæði hjá Paul og þabba snemma this morning. Við vorum mjög fegin. Við borðuðum kl 10-30 – 11 og fórum svo inn í Flóa öll með tölu nema Inga og Ella því Inga var kvæfuð. Við mamma og Hafliði + Siggí rökuðum saman á Jónsnesinu og hugsaðu þér, við handrökuðum því í öllu þessu brjálaða roki. Við vorum búin um 16.30-17.00. Stebbi sneri gördunum sem voru á Selkeldunni og rakaði saman á litla Selkeldustykkinu, fyrir neðan Sandhrygg. Settum á vagnana af blautara stykkinu. Við fundum dauðan 3ja punda sjóbirting í Hópinu. Vorum komin heim um sjöleytið. Það var svo viðbjóðslega mikið ryk í heyinu að við vorum eins og aumingjar eftir að blása því inn. Það byrjaði að rigna smávegis um 7-8 en hætti stuttu seinna. Eftir Denna Dæmalausa kl 21 fór allt liðið í fússi nema mamma og Inga að taka inn af Strípstykkinu. Hafliði, Dúna, Stebbi mokuðu af og löguðu til í hlöðunni. Siggí og Ella rökuðu + Paul sem kom um 10-10.30. Það voru farnar 10 ferðir til klukkan hálf eitt. Drukkum og svo í bólið. Nótt.



18. mynd: Sjólanir var það kallað þegar hey var sett upp í hring, en ekki í sátu. Sjólanir flutu síður og voru því notaðar í neyð, ef hætta var á að hey flæddu ef flóð hlupu á sig. (Bjarni Guðmundsson).

Þorkell Fjeldsted (2010) hefur það eftir föður sínum að í einhverjum tilfellum, einkum ef illa gekk með heyskap að sumri, hafi verið farið inn í Ferjubakkaflóa eftir að frysti og slegið á ís á tjörnum. Þá var sá hluti stararinnar sem stóð upp úr ísnum sleginn, en oft er grænn kólfur inni í störrinni. Heyið sem þannig náðist var því ekki alveg næringarsnautt. Svona sláttur á ís þekktist einnig á Grímarstöðum (Þórhallur Teitsson, 2011).


Þegar hey var rakað saman, voru mismunandi heiti á þeim sátum sem útbúnar voru, eftir því hvernig þær voru gerðar og hversu stórar þær voru. Hér verður minnst á nokkur þessara heita. *Drýli/drýlur* voru lítil sæti, oft ekki nema tvö hneppi í hverju drýli. Svo virðist sem mismunandi málvenja hafi verið milli bæja, hvort þessi gerð sæta var kölluð drýli eða drýlur. Þegar slegið var með orfi í þýfi og ef síðan var spáð rigningu, var reynt að koma heyinu saman í hneppi og þeim raðað í *fanghnappa*, sem gjarnan voru í línu. Þegar gerði þurrk þá var heyið breitt aftur þar sem fanghnapparnir voru í þýfinu. *Lön* hét þegar sett voru saman nokkur föng af heyi, oft rúmlega hálfpurrt hey, sem var látið jafna sig. Ef föngin voru sett þannig að kross myndaðist, var það kallað *krosslön*. Síðan var rakað og sætt í sæti, en þau voru stærri en lanir (Magnús Kristjánsson, 2010).

Síðan voru það *sjólanir*, sem voru notaðar ef hætta var á að sjór flyti yfir heyið. Svo virðist

sem sjólanir hafi einungis verið notaðar á engjum með Andakílsá, a.m.k. hafa ekki borist heimildir um annað. Skýrist það að hluta af því að á þeim engjum var meiri hætta á að hey flæddi vegna sjávarfalla en á öðrum engjum sem fjallað er um. Gísli Jónsson (2010) lýsir sjölönnum þannig og því hversu mikið neyðarbrauð það var að setja hey í þær:

Sjólanir voru aðeins notaðar og þá út úr neyð, ef sjór var að koma inn og hætta á að heyið flyti annars. Heyinu var þá ýtt saman í hring, ekkert hey í miðjuna, en hringur utan um. Við það myndast kyrr sjór inni í sjölöninni og gerði það að heyið flaut ekki í burtu, sem það hefði gert ef hefði verið sátá eða hrúga (án hringis í miðjunni). Þvermál sjólananna var líklega 5-10 metrar. Menn settu heyið einhvern veginn saman (ekkert ákveðið verklag við það). Þetta var bara kapp að ná heyinu saman í þessar sjólanir til að missa það ekki burtu. Hæð þeirra var a.m.k. einn metri og mátti sjór ekki fara yfir þær, því þá var heyið farið. Það var mjög slæmt hey sem kom úr þessu, varð svart og loghitnaði í því, sérstaklega ef ekki var hægt að þurrka það strax. Það var því algjört neyðarbrauð að nota sjólanir og ekki algengt. (Gísli Jónsson, munnleg heimild 2010)

Það er ljóst að handtökin voru mörg við að ná heyinu saman á engjum, eins og annars staðar.



19. mynd: Heyfengur í Borgarfirði á 20. öld. Fram yfir 1930 var útheyskapur meiri en töðuheyskapur, en eftir þann tíma minnkaði hlutfall útheyja. Einkum jókst töðuheyskapur eftir miðja öldina, með stóru aukinni ræktun túna. (Heimild: Björk Ingimundardóttir ofl., 1998).

Verklag var að einhverju leyti mismunandi milli svæða sem hér eru til umfjöllunar, sem skýrist meðal annars af mun á landfræðilegum aðstæðum. En einnig hefur líka verið munur milli jarða. Í fæstum tilfellum var samvinna milli bæja mikil við heyskap á engjum, þótt verið væri samtímis á engjum. En hins vegar þótti mönnum styrkur í því að vita af nágrannanum, sem tilbúinn var að leggja lið, ef nauðsyn krafði. Veður hafði mikið að segja um hvernig gekk. Ef illa viðraði var nær útséð um að engjahey næðist það árið en þá var reynt að ná einhverri magafylli fyrir bústofninn þegar kom fram á vetur.

Hve mikill hluti heyöflunar?

Í bókinni *Byggðir Borgarfjarðar I* (Björk Ingimundardóttir o.fl., 1998), er gefið yfirlit yfir hlutfall útheys af heildarheyfeng í Borgarfjarðarhéraði. Þar kemur fram að fyrstu tvo áratugi 20. aldar voru yfir tveir þriðju hlutar heyfengs útheys, talið í hestburðum. Á þessum árum beindust jarðabætur einkum að engjum og bar það umtalsverðan árangur. Mestur var heyfengur útheys árið 1915. Síðan féll magn útheys og árið 1933 er fyrsta árið þar sem meira er heyjað af töðu en útheysi.

Útheysfengurinn vex lítið eitt aftur og helst nokkuð jafn fram á stríðsárin síðari, þá minnkar hann dálítið, en þó er það ekki fyrr en 1955, sem um verulegan samdrátt er að ræða. Öflun útheys hefur þó umtalsverða þýðingu fyrir búrekstur í héraðinu allt til ársins 1963, en á árinu 1964 fellur útheysið úr rökum 20.000 hestburðum niður fyrir 5.000 hestburði. Eftir það er útheys óverulegt, en það er síðast talið árið 1973 og er þá aðeins 240 hestburðir. (bls. 275)

Eins og gefur að skilja var engjaheyið stór hluti heyforða heimajarðanna, þ.e. þeirra jarða sem áttu engjaland. Sumir heimildamanna hafa nefnt að engjaheyið hafi dugað fyrir féð og á sumum bæjum var hluti engjaheysins nýttur fyrir kýrnar líka. Á Innri-Skeljabrekkum var borinn tilbúinn áburður á hluta bakkanna á engjunum og var það hey nýtt fyrir kýrnar (Gísli Jónsson, 2010). Vegna þess mikla heyforða sem náðist af engjum var bústofninn í einhverjum tilfellum stærri en svo að beitalandið þyldi það, þar sem ásetningur miðaðist hvað helst við þann heyforða sem til var. Áfram var samt sem áður mikið treyst á vetrarheit, auk mikillar sumararbeit. Því er líklegt að beitargróður hafi látið undan síga í fjalllendum fyrir ofan bæina, vegna þessa stóra bústofns sem þar gekk.

Eins og áður hefur komið fram var túnið á Hvanneyri í lok 19. aldar einungis um tíundi hluti þess sem engjarnar voru, bæði hvað stærð varðar og heymagn.

Um miðja 20. öld var engjaheyið á Hvítárvöllum nýtt fyrir féð, sem á þeim árum var um 200 vetrarfóðraðar kindur. Heyið af heimatúninu var nýtt fyrir kýrnar sem yfirleitt voru 10-14, auk geldneyta (Jón Haraldsson, 2010). Á Grímarstöðum er talið að fram undir 1960 hafi um helmingur heyja verið fenginn af engjum. Af heimaengjum en einnig af Hestsengi sem er suðvestan við Grímarstaðaengjar og í nokkrum tilfellum voru slægjur fengnar á Hvítárvallaengjum (Þórhallur Teitsson, 2010). Á Beigalda er talið að engjaheyskapurinn hafi e.t.v. náð 30% af heyfengnum, en eftir því sem túnin stækkuðu þá minnkaði hlutfallið og var um 20% síðustu árin sem búið var þar af fullum krafti, á árunum fyrir 1970. Þetta var þótt alltaf hafi verið heyjað jafn mikið á engjum, töðuheyskapurinn óx sem þessu nam. Féð var fóðrað að hluta eða að öllu leyti á engjaheyinu en hluti þess fór í kýrnar, enda var það alveg kúgæft hey.

Verkaskipting á engjum

Almennt var nokkuð skýr verkaskipting á engjum, eins og reyndar annars staðar í heyskap. Karlarnir slógu og bundu en konurnar rökuðu. Síðan þegar vélar komu til sögunnar voru það frekar karlarnir sem unnu á þeim en lengi hélst að konurnar rökuðu með hrífum. Það kom þó fyrir að karlar rökuðu og tóku heimildamenn til þess ef svo var. Sömuleiðis var það í undantekningartilfellum sem konur slógu.

Svava Finnsdóttir frá Eskiholti (2010) minnst sérstaklega hvað það var mikill þrældómur að raka blautt heyið. Hún varð alltaf sár í höndunum eftir hrífuna. Því saumaði hún hún bætur innan í lófana á vettlingunum og voru þeir kallaðir hrífuvettlingar.

Aðbúnaður fólks á engjum

Eins og gefur að skilja varð mikil breyting á aðbúnaði fólks á engjum eftir því sem tímar liðu. Með bættem samgöngum og tilkomu dráttarvéla og bíla, gerðist það fátíðara að fólk lægi við á engjum. Þess í stað fór það á milli kvölds og morgna. En þó tíðkaðist það fram yfir miðja 20. öld að fólk dvældist á engjunum meðan heyskapur stóð yfir.



20. mynd. Daniel Fjeldsted Teitsson leggur sig eftir hádegismatinn, við engjatjald á Grímarsstaðaengjum. Tjaldið er utan í Engjaholti og er Skarðsheiðin í baksýn. (Helga Daniëlsdóttir).

Um aðbúnað fólks á engjum skrifar Guðmundur Þorsteinsson eftirfarandi (2011, bls.2):

Um svipað leyti [á fjórða áratug 20. aldar] var Vegagerðin að selja hvít hústjöld sem hún hafði notað fyrir vinnuhópa sína. Þetta voru ágæt tjöld sem flestir Suðurengjabændur keyptu sér. Þau munu yfirleitt hafa enst út hestavélatímabilið. Oft var sofið í þeim og með tilkomu þeirra mátti sjóða mat, oft nýveiddan silung, og hita kaffisopa á olíuvél eða prímusi. Ekki veit ég hvernig viðlegubúnaði á engjum var háttað fyrir mína daga en reyna má að ráða lítillega í það. Í þurrki var auðvelt að gera skýli úr heyi til skjóls fyrir vindi, til að matast og hvílast, jafnvel sofa af nóttina. Líklegt er að einnig hafi verið notuð einhver skýli úr dúkum, sennilega oliubornum.

Sigurður í Görðunum (Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1952) lýsti aðbúnaði síns fólks á engjunum á Skeljabrekku svo: „Oftast fórum við fimm saman í þennan heyskap, ég og einn kaupamaður eða vinnumaður, tvær stúlkur og drengur. ... Venjulega fórum við með tvö tjöld, var sofið í



21. mynd. Dagblaðið Tíminn lesið eftir hádegismatinn. Frá vinstri eru það Ragnheiður Daniëlsdóttir, Sigurður Daniëlssson, Helga Daniëlsdóttir, Teitur Daniëlssson og í forgrunni er Daniel Fjeldsted Teitsson. Fólkið er utan við Engjaholti á engjum Grímarsstaða. (Helga Daniëlsdóttir).

öðru, en hitt notað fyrir matvæli og annað. Næsta sumar flutti ég timbur uppeftir og byggði þar sumarbústað handa fólkinu. Var það mikil umbót og alls ekki eins kostnaðarsöm og ég hafði haldið.“ (bls. 158-160) Þessi skúr var lengi til, en hann var fluttur heim að Innri-Skeljabrekku eftir að Sigurður hætti að nota hann.

Ragnar Olgeirsson (2010) minnst þessar þegar foreldrar hans, þau Olgeir Friðfinnsson og Helga Finnsdóttir, fengu slægjur á Hvítárvöllum, fyrst árið 1933:

Fyrsta árið var tjaldað við hliðina á Flaginu, sem er slægjuland við Litlastökk. Síðan voru tjöldin færð upp í holtin. Tjöldin voru vegavinnutjöld, líklegast frá þeim tíma þegar Hvítárbrúin var byggð. Í fyrstu var aðeins eitt tjald notað, en síðan voru tjöldin tvö, eldað í öðru og sofið í hinu. Heyskapur tók þónokkurn tíma og hafðist öll fjölskyldan við í tjöldunum á meðan. Síðar, eða árið 1942, fékk fjölskyldan afnot af skúr sem reistur hafði verið um 1920 niður á engjunum og hafði hann árin þar á eftir, en síðasta árið sem Olgeir og Helga heyjuðu á Hvítárvallaengjum var árið 1945.

Hvað varðar mat, þá var tekið með sér eins og hægt var af mat. Síðan fengu þau svolítinn silung í netið sem mátti leggja. Síðan komu með mjólkurbílunum pakkar, brauð og þess háttar, og voru þeir skildir eftir í Skálanum eða á Hvítárvöllum. Eitt sumarið voru Olgeir og Helga með kú, vetrung og kálf með sér á engjunum. Kálfinum var svo slátrað og kjötið selt til Theodóru sem rak Hvítárvallaskála.

Lýsing Ragnars gefur til kynna að dvöl fólks á engjum við heyskap hafi líkst hjarðmennsku fyrri alda eða selför fólks áður fyrr, þar sem fólk flutti

með búsmala sinn frá heimilinu í selið og dvaldi þar hluta úr sumri, til að nýta jarðargróður sem var fjær heimajörðinni sjálfri. Hér hins vegar fór fólkið úr þorpinu og tók nautgripina með sér, þegar það dvaldi á engjum í nokkrar vikur, til að afla heyja fyrir búsmalann. Þar sem öll fjölskyldan fór á engjar, var enginn heima til að sinna nautgripunum og því var gripið til þess að taka þá með sér. En kýrin gaf einnig mjólk af sér, auk þess sem hægt var að nýta beitiland á engjunum, sem hugsanlega var ekki nýtt til sláttar. Hliðstæðan við selför er því greinileg og athygliverð. Tekið skal fram að þetta er eina áreiðanlega dæmið sem fengist hefur, um þetta fyrirkomulag.

Svava Finnsdóttir frá Eskiholti hafði þetta að segja um aðbúnað fólks á engjum (2010):

Í Eskiholti, líkt og annars staðar, voru matmálstímar á föstum tímum þegar fólk var á engjum og voru þeir í hádegi og um fimm leytið. Fólkið borðaði áður en það fór á engjarnar og síðan var matur þegar það kom heim að kveldi. Það var verkefni krakkanna að fara með nestið á milli, þegar fólkið var á engjum og var mikið fyrir þau að bera allan matinn. Stundum var grautur eða súpa flutt á milli í blárri emeleraðri fötu, sem var víðust um miðjuna. Mjög erfitt var fyrir litla krakka að bera hana, því hún rakst alltaf í fæturna á þeim og var sérstaklega erfitt að fara yfir bleytuna með hana. Einnig var matur, s.s. kjötsúpa eða grjónagrautur, fluttur í litlum járnbrúsa og hélst heitt í honum. Síðan var brauð og heimabakaðar hveitikökur hafðar

með matnum. Stundum voru steiktar kleinur og var farið með þær heitar á engjarnar. Kaffi var flutt í brúsum og sett í sokka til að halda því heitu. Vatn til drykkjar var hins vegar tekið úr Hópinu eða læknum.

Ekki hafa fundist áreiðanlegar heimildir um hvernig aðbúnaði var háttað fyrr á tíð. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt með þeirrar tíðar útbúnaði, að hafast við á engjum og víst er að aðbúnaðurinn hefur ekki alltaf verið góður. Takmarkaðir möguleikar á að skýla fólki og búnaði fyrir veðri hefur áreiðanlega í einhverjum tilfellum gert vistina slæma. En á góðum síðsumarsdögum hefur vistin hins vegar verið betri og engjadvölin orðið þessi skemmtilega tilbreyting frá hversdagslegu amstri.

Flutningur á heyi

Þótt búið væri að slá og þurrka heyið á engjunum, var ekki öll sagan sögð. Eftir var að koma heyinu heim. Gat það verið bæði tímafrekt og erfitt, einkum ef um langan veg var að fara. Áður en bílar og dráttarvélar komu til sögunnar, var heyið flutt á hestum og gat lestargangurinn verið margir klukkutímar, þar sem lengst var að fara.

Á sumum bæjum, meðal annars í Ausu, voru meiðasleðar notaðir til að flytja hey upp af engjum heimajarðanna. Þeir voru dregnir af hestum og höfðu þá eiginleika að fljóta betur, heldur en baggahestar. Því var minni hætta á að hestarnir



22. mynd: Hjörleifur Guðmundsson á Ferjubakka teymir heybandslest innan úr Ferjubakkaflóa. (Ragnheiður S. Hjörleifsdóttir).

sykkju í blautar engjarnar. Jafnframt hefur verið auðveldara og fljótlegra að koma heyi heim á þennan máta, en þegar þurfti að binda hey í bagga og flytja þá heim á hestum (Auður Pétursdóttir, 2010).

Flutningur heys af Suðurengjunum gat verið ansi erfiður. Bæði var að ekki var greitt að komast neðan af engjum með heyið og svo hitt að um langan veg var að fara, einkum áður en dráttarvélar og bílar komu til sögunnar. Lengst af var heyið reitt á klökkum og var lestargangurinn langur, hvort sem var út að Höfn eða inn í Skorradal. Á sumum bæjum hélst þessi flutningsháttur fram yfir miðja 20. öld en þar sem dráttarvélar komu snemma, hættu menn að flytja heyið á hrossum, nema e.t.v. hluta leiðarinnar. Síðan var heyið flutt á hestvögnum, áður en dráttarvélar og bílar komu til sögunnar.

Heyvagnarnir sem voru notaðir, voru mjög valtir, þar sem þeir voru byggðir langt út fyrir hjólin. Því var það að ef þeir lentu upp úr hjölförnum og vagninn fór að hallast, gátu þeir oltið og þá hesturinn um leið, þar sem klafarnir héldu þeim föstum. Það var því oft mikið mál að ná hestunum út úr aktygjunum og síðan að koma öllu á réttan kjöl aftur. Trébrýrnar á engjunum voru mjóar, rétt fyrr hjólin og því erfitt að hitta á þær. (Gísli Jónsson, munnleg heimild 2010).

Þegar bílar komu til sögunnar var heyið flutt á hestum upp að Innri-Skeljabrekku, þar sem það var sett á bíla er fluttu það heim. Síðan var gerður bílfær vegur aðeins niður í engjarnar, niður á svokallaðan Stórahingsbakka sem er nærfellt í engjunum miðjum og er þurrara svæði en umhverfis. Heyið var þá reitt þangað og bílarnir fermdir þar. Eftir að dráttarvélar komu til sögunnar fóru menn að fíkra



23. mynd: Vagnhestur með heyvagn. Ekillinn er Einar Jónsson, sem var sumarstrákur á Grímarsstöðum. Myndin er tekin í Þrætutungu á Grímarsstaðaengjum. (Helga Daniélsdóttir).

sig á þeim lengra niður í engjarnar. Til að byrja með fóru dráttarvélar ekki yfir trébrýrnar, heldur kræktu út fyrir stokkana. Síðar voru settar brýr á stokkana sem þoldu dráttarvélar. Þar með var flutningur á heyinu heim af engjunum til muna einfaldari og fljótlegri (Gísli Jónsson, 2010).

En þótt dráttarvélar væru komnar til sögunnar, var björninn ekki unninn. Bjarni Vilmundarson á Mófellsstöðum (2010) minnst þess að meðan þau höfðu einungis dráttarvél til að flytja heyið heim, þurfti að selflytja það. Heyið var flutt á heygrind (heyvagni) sem tók fjóra kapla (átta sátur), neðan af engjum og upp í lautina sem er á milli Hreppabæjanna. Of bratt var fyrir dráttarvélinar með heygrindina aftan í, upp Hreppsmelana og því þurfti að flytja heyið á klökkum það sem eftir var leiðar heim að Mófellsstöðum.

Sigurður í Görðunum (Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1952) lýsir flutningum á heyi af engjum Innri-Skeljabrekku í bók sinni. Heyið var flutt með bát suður til Garða og þurfti að hafa varann á að fylgja bugðum og beygjum á Andakílsá, til að báturinn endaði ekki uppi á grynningum við ána. „Við lögðum svo að við Stóra-Stokk, en það var fremur lágur bakki, en þó svolítið hærri en báturinn. Heyböggunum hafði verið komið fyrir uppi á bakkanum, svo að það var auðvelt verk að velta þeim niður í bátinni. Nauðsynlegt var að búið væri að hlaða bátinn um flóð, því að upp eftir varð að fara á aðfalli og niður ána á útfalli. Við flýttum okkur því allt af við þetta verk og héldum undir eins af stað aftur þegar því var lokið.“ (bls. 159)

Lengst af var leiðin inn í Ferjubakkaflóa mjög ógreið. Ferjukotssíkið var mikill farartálmi, en snemma var þó útbúin vatnsbrú eða vatnsgata yfir það. Í Árbók Ferðafélags Íslands 1953 er gerð brúarinnar lýst svo:



24. mynd: Hey tekið saman á Grímarsstaðaengjum og sett á heyvagn. Frá vinstri eru það Ragnheiður Daniélsdóttir, Dagmar Ingólfsdóttir, Daníel Fjeldsted Teitsson og Sigurður Daniélsdóttir. (Helga Daniélsdóttir).



25. mynd: Verið að setja blautt engjahey á heimatún til þurrkunar. BAVARIA dregur vagninn, en í honum eru Kristján Guðjónsson, bóndi á Ferjubakka og Trausti sem var vinnumaður þar. (Guðrún Kristjánsdóttir).

Sú brú hefur verið hið mesta mannvirki í þann tíð og sennilega þannig gjörð í upphafi, að lurkahrís hefur verið látið í keldun (síkið), sem er allbreið, nokkur hundruð metrar og tyrft margföldu torfi. Síðan voru bornar grjóthellur á ofan og jafnan bætt á grjóti, eftir því sem hrísið lagist saman og seig dýpra ofan í effuna, en niður á fastan grunn mun vera um 5 metrar. Lá vatn alldjúpt á grjótbrúnni, og varð nær árlega að bera grjót og möl á hana, allt þar til er járnbrú var sett ofar á síkið fyrir þrem tugum ára. Mun vatnsgata þessi ekki hafa verið meir en tveggja álna breið að ofan, en miklu breiðari að neðan. Var þessi vegagjörð orðin margra kynslóða mannvirki, því að óhemjumikið grjót hefur í það farið á þeirrar tíðar mælikvarða. (Þorsteinn Þorsteinsson, 1953, bls. 20-21).

Nokkuð ljóst er að þessi vatnsgata hefur verið notuð að einhverju leyti af heimafólki vegna heyflutninga úr Ferjubakkaflóa og þá farið inn með Þjóðólfsholtinu. En frekar hefur þó verið farið yfir Síkið eða kelduna norðar, beint yfir í Tjarnarásinn. Helgi Kristjánsson (2010) lýsir þeirri leið svo:

Fórum við sem hestaleið lá inn Forvörðin gegnt Ferjukoti, inn yfir þjóðveginn hjá Tjarnarásnum. Yfir innsta hluta Krókatjarnar var farið þar sem hét Pollur. Hann var nokkurra faðma breiður og um fjöldamörg ár hafði verið ekið á hestvögnum grjóti og möl í botninn. Þetta varð að gera til að fordást keldur þar sem ílægir hestar kunnu illa við sig. Þarna var líka eina leiðin með heybandslestirnar.

Þegar inn yfir Pollinn var komið lá gatan um Selíð og þaðan beina leið inn á bakka Norðurár. Svo var riðið inn bakkana, alllanga leið vestur

á Jónsnessléttur. Þá höfðum við verið fullan klukkutíma á leiðinni.

Smám saman fóru menn að reyna fyrir sér að flytja heyið á þeim vélum sem komnar voru til sögunnar. Magnús Kristjánsson frá Trönu segir svo frá (2010):

Erfitt reyndist að reiða heyið úr „Flóanum“ á hestum, vegna bleytu og hálf ófærra keldna. Þá var það óþurrkasumarið 1949, að Júlíus Ágúst Jóhannesson, ungur bóndasonur á Ferjubakka, og Kristján í Miðbænum festa kaup á Caterpillar beltavél og vagni á tvöföldu, og nú átti að hætta að nota hestana. En ekki var farin nema ein ferð, og það, með erfiðleikum, og hestarnir notaðir árið eftir 1950. Ekki var heyjað mikið í flóanum á þessum árum vegna fjárskipta.

En Caterpillar var nú ekki alveg úr sögunni. 1951-1952 komu dráttarvélar til sögunnar. Þá var það ráð tekið að selflytja heyið á Caterpillar, að Ferjukotseyrum (Straumarnir). Þá voru fengnir vörubílar – Kristján í Eskiholti, Guðmundur eða Sveinn Eskiholti – bílar úr Borgarnesi. Smám saman myndaði Caterpillar vegslóða á bakka Norðurár. Þá var farið að mólbera í götuslóða, svo bílar og dráttarvélar komust smám saman innar og innar, að lokum öllum bílum fært.

Á árunum 1951 og 1952 var gerður akfær vegur frá Straumaklökkvi við Norðurárós, inn bakkana inn að Sandhrygg. Mátti þá heita að væri vörubílafært inn í Flóa. Þá var öllu heyið ekið heim í stað þess að reiða það. Þetta auðveldaði heyskapinn og flutninginn á heyinu til muna.

Frá Eskiholti þurfti að fara yfir kelduna Ófæru, til að komast í þann hluta engjanna sem fjær voru. Eins og nafnið gefur til kynna var keldan illfær, rótin var þó seig en mjög blautt. Ýmislegt var gert til að komast þarna yfir. Meðal annars settu menn hey í kelduna til að frekar væri hægt að komast þar yfir. Oft var erfitt að koma hestum yfir Ófæru og stundum sukku þeir í hana. Ef það gerðist þurfti stundum að taka baggana af til að ná hestunum yfir. En eftir að dráttarvélar komu til sögunnar settu menn hris í slóðina yfir kelduna til að auka burðinn og komast yfir. En oft fóru þeir þó niður úr og festust (Svava Finnsdóttir 2010; Guðmundur og Sveinn Bjarnasynir, 2010).

Ragnar Olgeirsson (2010) lýsir flutningum á heynu af Hvítárvallaengjunum ofan í Borgarnes svona:

Áður en Hvítárbrú kom var allt heyið flutt á bátum en þeir komu inn í Stórastokk og voru lestaðir þar. En þegar brúin kom var farið að flytja heyið með bílum. Ég man eftir að það komu einstaka sinnum bátar eftir að þau komu árið 1933, en það þótti viðburður. Eins var á engjum við Bóndhól og Brennistaði að heyið var flutt með bátum og einnig á Beigalda. En síðan var það flutt með bílum, var reitt upp á veg af engjum.

Á Hvítárvallaengjunum í heyskap Olgeirs og Helgu konu hans, var heyið fullþurrkað og flutt í Borgarnes. Bílstjórar úr Borgarnesi voru fengnir til þess, m.a. Jónas Kristjánsson. Hann var með kýr og flutningurinn var greiddur með heyi. Bill hans gat flutt 10-12 kapla í ferð. Heyið var reitt frá Stóra-Stokk upp að Litla-Stokk, en þangað niður eftir komst bilinn, ef var þurrt, en í blautum sumrum gat verið blautt fyrir bílinn niður að Litla-Stokk. Farið var eftir bakkanum upp undir íshúsið á Hvítárvöllum en þar var læna sem gat verið slæm og var gerður 30-40 m vegur yfir hana.

Það er því ljóst að flutningur heyja gat verið erfiður en aðferðirnar breyttust eins og annað eftir því sem tækninni fleygði fram og auðveldara var að flytja heyið um lengri veg.

Heyskaðar

Á þeim engjum, sem lægst eru, vofði alltaf yfir sú ógn sem stóð af flóðum vegna sjávarfalla, auk þess sem árnar gátu flætt ef miklar rigningar voru. Það var því alltaf ákveðin spenna sem fylgdi heyskap á engjum; Skyldi gera þurrk? Skyldi heyið nást milli flóða? Hvernig gengi að ná heynu heim? Og

þannig má áfram telja.

Hey, sem lenti í flóðum, ýmist tapaðist alveg, eða varð lélegt að fóðurgildi auk þess sem það var mjög ólystugt fyrir skepnurnar. Af og til kom það fyrir að mikil flóð urðu og heyforði margra bæja tapaðist, ef þannig hafði staðið á þurrki og heyskap. Það var stundum mikið tjón hjá mönnum ef þeir misstu heyið í flóð og það flaut burtu. En líka var tjón fyrir þann landeiganda sem fékk flotna heyið til sín, því það var oft þykk hrúga sem gróður drapst undan (Gísli Jónsson, 2010).

Það flóð, sem helst hefur verið nefnt á 20. öldinni, varð föstudaginn 19. ágúst 1955. Þetta sumar var annálað óþurrkasumar. Dagana á undan hafði loks gert nokkurra dægra þurrk. Segir í ágústhefti Veðráttunnar, tímariti Veðurstofunnar (1955), að dagana 16. og 17. ágúst hafi víðast á óþurrkasvæðinu sunnan- og vestanlands, verið þurrkur. Heimildamenn segja að margir bændur í Borgarfirði hafi farið að slá þegar loksins þornaði. En þann 18. ágúst kom djúp lægð suðvestan úr hafi og fór norður yfir land daginn eftir. Lægðin olli hvassviðri og rigningu um allt land. Í Veðráttunni segir að þann 18. ágúst hafi hey fokið víða sunnan lands og þann 19. sópaði óvenju mikið sjávarflóð heyjum af engjum með Hvítá. Í Tímanum frá 23. ágúst 1955 er lítil frétt á forsíðu frá fréttaritara Tímans á Hvanneyri:

Á föstudaginn var gerði óvenjulega mikið sjávarflóð inn Borgarfjörð og upp í Hvítá. Fóru allar engjar á kaf meðfram ánni upp að brú, og flæddi hey það, sem á engjunum var og flaut mikið af því burt með straumnum eða færðist til.



26. mynd: Frétt í Tímanum, þriðjudaginn 23. ágúst 1955.

Þennan dag var stærstur straumur, og jafnframt var stinningskaldi inn fjörðinn, og þegar svo ber undir, er hætta á stórflóðum, þetta flóð varð þó meira en venjulegt er, jafnvel þótt svona standi á, og jafnaðist á við mestu vetrarflóð.

Ekki var mikið búið að losa á engjunum við ána, en þó allmikið á Hvanneyrarfit, en miklu af því heyi var þó búið að bjarga heim. Þá munu nokkur hundruð heyhestar hafa farið í flóði þessu, og einnig allmikið af öðrum bæjum. Alltaf eru sömu óþurrkarnir hér í héraðinu. Bændur hafa lítið byrjað háarslátt enn.

Í Eskiholtsflóanum var það einhverju sinni að búið var að raka upp í drýli, þegar gerði rigningu og

Norðurá flæddi. Heyið rak allt heim undir holtið næst túnunum. Reynt var að hirða eitthvað af því úr heyhrönninni. Búið var að leggja mikla vinnu í að slá og raka og því var það mikið tjón að missa heyið, fyrir utan að heyforðinn varð þá minni fyrir veturinn (Svava Finnsdóttir, 2010).

Þórhallur Teitsson frá Grímarstöðum man eftir þessu flóði 1955. Hann var þá 6 ára gamall og ekki farinn á engjar, en man eftir að hafa verið uppi á háalofti í íbúðarhúsinu á Grímarstöðum og séð þegar heyið flaut inn engjarnar. Það voru um fimmtíu sæti sem fóru. Var ekki meira heyjað á engjunum það árið. Hluti af heyinu var hirtur úr hrönninni og keyrður upp á þurkvöll á túninu (Þórhallur Teitsson, 2010).

Örnefni sem tengjast nytjum engjalanda

Mörg örnefni eru á þeim engjum sem er fjallað um. Sum þeirra skírskota til nýtingar landsins og mannvirkja sem henni tengdust. Einnig gefa þau til kynna sögur eða atburði sem gerðust í tengslum við heyskap en ekki síður vísa þau til þess hvar landfræði svæðanna gat staðið í vegi fyrir nýtingu.

Á Suðurengjunum báru spildurnar, sem voru ítak hverrar jarðar, heiti viðkomandi jarðar, svo sem Hornsengi og Fossaoddi. Á engjum Hvanneyrar báru sum engjastykkinn nafn býlanna sem nytjuðu þau, s.s. Ásgarðsfit og Hólsslægja, en það voru býli sem nú hafa fallið undir Hvanneyri. Í sumum tilfellum lýsa örnefnin staðháttum, s.s. legu stykkjanna eða lögun þeirra. Dæmi um það eru Vesturrimi, Magáll, Klofar, Sandhryggur og Þríhyrningur. Annars staðar báru spildurnar hefðbundin heiti, sem auðvelduðu alla umfjöllun í samskiptum, s.s., Beitnes og Miðengjar.

Hér að neðan eru nefnd nokkur dæmi um örnefni sem lýsa þeim nytjum sem hafðar voru af engjum, eða tengjast þeim.

- Garðnes (Gannnes) í Ferjubakkaflóa: bendir til að þarna hafi verið garður sem annað hvort hélt vatni fyrir utan eða fyrir innan.
- Rústarengi á engjum Innri-Skeljabrekku: þar er ein af þeim rústum sem eru á Skeljabrekkuengjunum.

- Veita á engjum Ytri-Skeljabrekku: þar hefur vatni að öllum líkindum verið veitt á engjarnar.
- Ófæra í Eskiholtsflóa: gefur til kynna hversu illfær hún var.
- Halldórshólmi á engjum Ausu: Dregur nafn af þeim manni sem átti að slá þessa spildu; hún liggur milli tveggja keldna.

Þegar skoðuð eru örnefni í landi Innri-Skeljabrekku, þar sem margar jarðir höfðu nýtingarrétt, vekur athygli hversu fá örnefni vísa beint til nytjana. Hins vegar hefur hver spilda heiti sem vísar til þess eignarhalds eða nýtingarréttar sem tiltekin jörð hafði og seinni liðurinn er –engi (Hreppsengi, Hornsengi og Árdalsengi). Þarna er því verið að tilgreina hver nytjaði hvaða stykki á engjum. Engi er svæði sem farið er á til tiltekinna verka, þ.e. heyskapar og því þurfti ekki að tilgreina það á annan veg með örnefnum, hvaða nytjar voru af hverjum bletti.

Breyttar nytjar engja

Hvenær og hvers vegna hættu bændur að nýta engjar til sláttar?

Verulega dró úr notkun þeirra engja, sem hér hefur verið fjallað um, er kom fram á seinni hluta 7. áratugsins. Á þeim tíma var ræktun túna heima á bæjum farin að aukast til muna. Á sama tíma hættu bændur að nytja engjarnar, meðal annars vegna þess hve dýrt og erfitt var að stunda engjaheyskap samanborið við töðuheyskapinn, einkum ef engjaheyskapurinn var sóttur um langan veg.

Þær engjanytjar sem hér hefur verið lýst, voru hluti af breytingunum frá fóduröflun gamla tímans og yfir til nútíma heyskaparháttanna á ræktuðu landi. Um aldir höfðu engjar verið nytjaðar af þeim bæjum sem voru innan ákveðinnar fjarlægðar frá þeim. Allt hey var flutt heim á hestum og því voru takmörk fyrir hversu langan veg hægt var að sækja þær. Með betri samgöngum og vélvæðingu gátu bændur sótt um lengri veg.

Jafnframt urðu breytingar á nýtingu engjanna sjálfra, þar sem vélvæðingin ruddi sér til rúms, bæði með jarðvinnslutækjum, sláttuvélum, rakstrarvélum og vögnum til flutninga. Allt auðveldaði þetta nýtinguna og um tíma voru þessi helstu engjasvæði í neðanverðum Borgarfirði nýtt til fulls.

En vélvæðingin stuðlaði ekki einungis að aukinni notkun engjanna um tíma til heyskapar heldur leiddi hún er frá leið til þess að engjanotkunin lagðist af. Ræktun túna heima á bæjum varð almenn og eðlilegt að bændur nýttu stækkandi heimatún í stað þess að fara um langan veg til fóduröflunar. Það hafði ekki síður áhrif að hey af tünunum er kraftmeira og túngrösin henta betur fyrir búsmalann en engjaheyið. Það féll einnig vel að þeirri breytingu sem samtímis varð í búfjárræktinni. Stórstígar framfarir urðu í ræktun búfjárins og meiri kröfur voru gerðar um afurðir á hverja vetrarfóðraða skepnu.

Eins og áður hefur komið fram voru það Borgnesingar sem nytjuðu drjúgan hluta sumra þessara engjasvæða. Þar, eins og víðar í þorpum landsins, voru íbúarnir með nokkrar kindur, eina eða tvær kýr og nokkur hross sér til framfærslu, til viðbótar við launavinnu sem víðast hvar var stopul og árstíðabundin.

Á sjöunda áratugnum urðu víðtækar samfélagsbreytingar. Vinna í þorpum eins og Borgarnesi varð jafnari yfir árið og fleiri höfðu fasta vinnu allan ársins hring. Því hafði fólk ekki lengur tíma til að fara hluta úr sumri upp í sveit, og afla heyja fyrir bústofn sinn. Þörfin fyrir þær beinu og óbeinu tekjur og afurðir sem bústofninn skilaði minnkaði með aukinni launavinnu. Jafnframt var þrengt að þeim sem höfðu verið með skepnur inni í þéttbýlinu. Krafan varð einnig sú að losna við þær út fyrir bæjarmörkin. Allar þessar breytingar höfðu áhrif á nýtingu engjanna, bæði næst Borgarnesi, en einnig á Hvítárvöllum og í Ferjubakkaflóa. Þessar breytingar urðu á svipuðum tíma og ræktun túna jókst. Flest stuðlaði að því að notkun engjanna lagðist af.

Á flestum þessara svæða lagðist engjanotkunin af á árunum í kringum 1970. Einstaka jarðir reyndu að viðhalda ítökum sínum á Suðurengjum lengur og heyjuðu af og til fram eftir 8. áratugnum, þótt það væri mjög stopult. Síðast er vitað til þess að bændur afbæjar hafi nytjað Suðurengjarnar árið 1979 þegar bændur frá Mófellsstöðum og Mófellsstaðakoti fóru á engjar og heyjuðu þar. Meðal annars var farið með bindivél niður á engjarnar. Það hafði ekki gerst, hvorki fyrr né síðar á Suðurengjunum. Öðru máli gegnir á öðrum engjum sem hér eru til umfjöllunar. Eins og áður er getið notaði Baróninn á Hvítárvöllum staðbundna bindivél á engjum þar í kringum aldamótin 1900, til að binda hey sem flutt var sjöveg til Reykjavíkur. Á seinustu áratugum 20. aldar hafa bændur nýtt nútíma heyskapartækni á þeim engjum sem enn eru heyjaðar. Notaðar hafa verið rúllubaggavélar og ferbaggavélar. Rétt er að minna á að þau svæði sem enn eru heyjuð eru þeir hlutar engjanna sem eru mjög þurrir og að öllum líkindum hafa engjarnar þornað enn frekar nú á síðustu árum, hugsanlega vegna þeirra breytinga sem orðið hafa vegna áhrifa frá Borgarfjarðarbrú.

Á síðustu áratugum 20. aldar voru það einungis fáar af heimajörðunum sem nytjuðu engjarnar ennþá til sláttar. Í flestum tilfellum var þá einungis lítill hluti engjanna sleginn. Á Hvanneyri hafa Hvanneyrar- og Ásgarðsfitjarnar verið slegnar en lítið annað. Hluti þeirra heyja sem þar fást, hefur verið seldur að Hálsi í Kjós, þar sem stunduð er lífræn mjólkurframleiðsla, en engjaheyið uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til fódurs í lífrænni framleiðslu, svo fremi sem ekki sé tilbúinn áburður

borinn á þær. Bændur á Hvítárvöllum og Ferjukoti hafa nýtt hluta sinna engja, og sama má segja um engjar niður með Gufuá og í Bóndhól. Því fer þó fjarri að engjar þessara bæja séu fullnýttar. Hefur svo ekki verið um áratugaskeið.

Nýting engja árið 2010

Í dag eru engjarnar einkum nýttar til hrossabeitar. Eins og segir hér að ofan eru engjar nokkurra jarða slegnar í litlum mæli. Í nokkrum tilfellum gengur fé á engjunum fyrri hluta sumars, en þær henta illa til fjárbeitar þegar kemur fram á sumarið og þá er hrossin einráð, þar sem þau eru á annað borð. Kúabeit er aflögð. En flestar engjanna eru nýttar að hluta eða öllu leyti undir hrossabeit og á það við um engjar með Andakílsá. Meira en

áratugur er síðan kýr voru þar á beit en fé nýtir Ausuengjarnar fyrri hluta sumars. Á Hvanneyri er hluti engjanna sleginn og takmarkaður hluti þeirra er nýttur undir hrossabeit. Nautgripum var beitt þar lengi vel, en svo hefur ekki verið síðustu tíu ár eða svo. Kindur eru þar engar og er stór hluti engjanna ekkert nýttur, hvorki til beitar né sláttar. Engjar Grímarsstaða eru beittar hrossum. Á Hvítárvöllum er þurrasti hluti engjanna sleginn og fé og hross ganga á engjunum. Norðan Hvítár er hrossabeitin einkennandi, nema helst í Bóndhól, þar sem hluti engjanna er enn sleginn. Lítil hluti Ferjubakkaflóa er sleginn flest ár, hross ganga í Flóanum auk þess sem féð frá Ferjukoti er þar hluta sumars. Það er því ljóst að notkun engjanna í dag eru mun minni en hægt væri og er í flestum tilfellum um lítið stýrðar nýttar að ræða.

Möguleikar til framtíðar

Hvernig er hægt að auka nýtingu engjanna?

Á allra síðustu árum hefur komið upp sú umræða hvort engjanytjar muni ekki aukast aftur, einkum í kjölfar hækkandi áburðarverðs. Sá eiginleiki flæðiengjanna að spretta án tilbúins áburðar er ótvíræður kostur, sem einhverjir bændur hljóta að horfa til á næstu árum. Ljóst er að sú litla nýting sem verið hefur á engjunum á liðnum árum, hefur skilið eftir sig sinu á mörgum svæðum. Því þarf að búa engjarnar undir meiri nytjar, s.s. með því að hreinsa sinuna af þeim með slætti eða brenna hana. Jafnframt er hugsanlegt að einhvers konar jarðvinnsla þurfi að eiga sér stað, líkt og menn gripu til á fyrri hluta 20. aldar. Ólíklegt er að ráðist verði í mikla mannvirkjagerð á engjum, s.s. gerð áveitu- eða flóðvarnagarða, heldur verði engjarnar frekar nýttar eins og þær eru í dag. En þá þarf að huga að tækjum sem hentað geta til slíks heyskapar. Dráttarvélar og önnur heyvinnutæki eru mun þyngri í dag en voru fyrir áratugum síðan. Ósennilegt er að mörg þessara tækja hæfi til engjaheyskapar. Á sumum engjastykkjum er mjög blautt og því líklegt að svörður þoli ekki slíka umferð. Reynsla er fyrir því að sár sem myndast í þann svörð eru mjög lengi að gróa og jafna sig. Nýting engjanna í meira mæli til heyskapar byggist á því að beitt verði hentugri heyskapartækni.

Á sumum þeim engjasvæðum sem hér er fjallað um, þ.e. í neðanverðum Borgarfirði, virðist sem landfræðilegar breytingar hafi orðið á síðustu áratugum. Sums staðar er sem sjaldnar flæði yfir engjarnar en áður gerðist. Eru ýmsar getgátur uppi um ástæður þessa. Einkum er horft til þess að með þverun Borgarfjarðar með Borgarfjarðarbrú hafi orðið það miklar breytingar á framburði ána, upphleðslu efna innan brúar og breytingum á flóðum, að það hafi valdið breytingum á tíðni og stærð flóða. Nákvæmar rannsóknir vantar á þessu atriði m.a. með samanburði við eldri upplýsingar. Ef rétt er að flóð hafi breyst á svæðinu má velta því fyrir sér hvort framburður næringarefna á engjalöndin sé nægilegur til að standa undir mikilli og reglulegri notkun engjanna til heyframleiðslu. Ekki er til dæmis ljóst hvert uppskerumagn á hverja flatareiningu er samanborið við fyrri ár og hvort breytingar hafi orðið á tegundasamsetningu grasa á engjunum.

Leiða má líkur að því að engjarnar þoli meiri og markvissari nýtingu en stunduð er í dag, en til að ná sem bestum árangri til langs tíma þarf að öllum líkindum að fara af stað með rannsóknir á nýtingarmöguleikum svæðisins og hvaða tækni hentar best núverandi aðstæðum.

Fortíðarþrá eða raunsönn lýsing?

Í upphafi kynningarfundar um verkefni þetta, sem haldinn var þann 2. febrúar 2011 voru fundarmenn beðnir um að skrifa niður þau þrjú atriði sem þeim dytti fyrst í hug þegar talað væri um nýtingu flæðiengja. Myndin sem fundarfólkið dró upp var frekar jákvæð og lýsti í flestum tilfellum er einhvers konar söknuði eftir horfnum tímum:

Margir drógu upp atriði eins og hversu mikið forðabúr þessar engjar voru með tilliti til fóðuröflunar og beitilands, gæði heysins og þarna væri að finna lífrænt hey sem fengist með litlum tilkostnaði, þar sem árnar bera næringarefni á engjarnar.

Aðrir horfðu til þessa tíma og rifjuðu upp lyktina sem fylgdi engjaheyinu, kyrrðina sem oft ríkir á engjum og það fuglalíf sem þar er. „Heyskapur með litlum Ferguson – Kyrrð og fuglar – Nesti“ Þannig hefur minningin um nestið sem tilheyrði engjaheyskapnum ákveðin sess og það var hlutverk krakkanna að fara með mat á engjar: „Fara með kaffi á engjar – Víðáttumikil slægjulönd – Fuglalíf“.

Engjaheyskapur var vinnuafsfrekur og því settust að góðar minningar um fjölmenni á engjum við engjaheyskap þar sem oft var líf og fjör. Auk þess sem samvinna var milli bæja í einhverjum tilfellum. „Engjasláttur þar sem margir koma saman – Hestalest sem flytur hey heim á tún eða hlöðu – Krakkar fara með mat á engin.“

Ekki sjá þó allir þennan heyskap í ljósrauðum bjarma. Nokkrir minntust á hversu áhættusamur heyskapur þetta var, þar sem var flóðahætta og mikið basl, auk þess sem þetta var erfið vinna sérstaklega ef blautt var: „Tímahrak í heyskap í stórstreymisaðfalli.“

Athygli vekur að þótt fundarmenn tilgreindu einhver neikvæð atriði varðandi nýtingu flæðiengja, þá var í langflestum tilfellum jafnframt dregin fram jákvæð minning um þennan tíma. Ef til vill lýsir þessi aðili málinu í hnotskurn: „Samvinna – Basl – Skemmtilegir dagar“.



27. mynd: Slappað af utan í heysátu í Þrætutungu á Grímarsstaðaengjum. Frá vinstri talið eru það Teitur Daniélfsson, Dagmar Ingólfssdóttir, Ragnheiður Daniélsdóttir og Sigurður Daniélfsson. Í bakgrunni sér heim að Grímarsstöðum. (Helga Daniélsdóttir).

Lokaorð

Hér hefur verið greint frá nýtingu borgfirskra flæðiengja á tuttugustu öld. Fjallað hefur verið um engjasvæði meðfram Andakílsá, engjar sunnan og norðan Hvítár neðan Hvítárbrúar og Ferjubakkaflóa. Um er að ræða engjar niður undir ósum ána sem flæðir yfir. Svæðin virðast við fyrstu sýn býsna hliðstæð. Sprettan er nokkuð trygg ár frá ári, jafnvel þótt ekki viðri vel fyrir annan jarðargróður. Því hafa þetta verið ómetanlega forðabúr fyrir þær jarðir sem áttu þessar flæðiengjar.

Það tímabil, sem hefur hefur verið fjallað um, 20. öldin, var á mörkum tvennra tíma hvað varðar verkhætti og vinnubrögð, ekki bara í landbúnaði heldur í atvinnuvegum öllum. Byrjun 20. aldar var keimlík þeim öldum sem á undan höfðu runnið, tæknin lítil, handaflíð ráðandi og fátt sem létti mönnum störf. Í lok aldarinnar var tæknin hins vegar orðin allsráðandi og fátt sem ekki er hægt að sigrast á með henni. Þarna á milli varð hins vegar mikil umbreyting sem mótaði landnýtingu á þessu svæði, eins og annars staðar. Þessari umbýltingu fylgdu kostir og gallar, eins og eðlilegt er þegar horfið er til nýrra tíma og leitað er nýrra leiða til að lifa af og með landinu.

Þegar nánar er skoðað kemur samt í ljós nokkur eðlismunur á nýtingu engjasvæðanna. Á engjum sunnan Andakílsár, sem eru í landi Innri- og Ytri-Skeljabrekku, höfðu aðrar jarðir föst ítök, þar sem hver hafði sína spildu ár frá ári. Ekki er fyllilega ljóst hvernig þetta fyrirkomulag var til komið. Ljóst er að heimajarðirnar hafa ekki getað nýttjað allar engjarnar. Því hefur hugsanlega þótt eðlilegt að aðrir landeigendur nyttu góðs af þessari auðlind sem engjarnar hafa verið gegnum aldirnar. Þetta fyrirkomulag þar sem eru föst ítök, þekkist ekki á öðrum þeim svæðum sem tekin eru fyrir í verkefninu. Þar fengu hins vegar fjölmargir slægjur á hverju ári. Ekki var fast fyrirkomulag á því hvaða svæði hver fékk á hverju ári, enda tilfallandi ár frá ári, hvort og þá hvaða bændur óskuðu eftir að fá slægjuland á leigu. Því var slægjuleigan ekki í eins föstum skorðum eins og ítökin á Suðurengjunum. Þegar rýnt er í þennan mun á milli svæða er hægt að velta upp ástæðum. Hugsanlega voru það landþrengsli í neðanverðum Skorradal sem höfðu þar einhver áhrif. Þar er láglandi af skornum skammti og erfitt um vik að afla fódurs fyrir búsmalann. Þessar jarðir áttu allar

ítök á engjum sunnan Andakílsár og voru þau mikilvæg til fóduröflunar þessara bóa. Á öðrum svæðum, svo sem norðan Hvítár, er flatlendi meira og víðast hvar meira beitiland. Því hafi ekki verið eins mikilvægt að hafa fastan aðgang að slægjulöndum. Þess vegna hafi ekki verið sama festa í ítökum og var á engjum sunnan Andakílsár.

Tæknibreytingar þær sem urðu á 20. öldinni höfðu mikil áhrif á engjanyttjar. Til að byrja með juku þær möguleikana til þess að nýta engjarnar meira en áður gerðist, bæði með ýmsum heyrinnutækjum og sléttun engjanna sem gerði notkun tækjanna mögulega. En ekki síður auðveldaði tæknin flutning á heyi heim af engjunum. Því gátu bændur sótt um lengri veg á engjar. Fyrir þá, sem lengst áttu á engjar, var það mikil fyrirhöfn, meðan tækin voru fá eða engin. Það gefur því enn frekar til kynna hversu mikils bændur mátu það að komast á þessar engjar. Möguleikar engjalítilla jarða til að afla heyja voru víða litlir. Því voru bændur þeirra tilbúnir að leggja mikið á sig við heyöflun af þessum engjalöndum.

Þær breytingar sem urðu á borgfirskum flæðiengjaheyskap á 20. öldinni endurspeglar þær miklu breytingar sem urðu á íslenskum landbúnaði og samfélagi á sama tíma. Í upphafi aldarinnar var verklag með svipuðum hætti og verið hafði um aldir, jafnvel frá 15.-16. öld. Vinnuafli var nægt til sveita en tækni fábreytt. En síðan urðu mjög miklar breytingar í búskap. Þær urðu til þess að engjaheyskapur náði sínum hæstu hæðum; allar fánlegar engjar voru slegnar og heyið nýtt til að fódra sífellt stækkandi bústofn.

Tæknibreytingarnar leiddu einnig til þess að hætt var að nytja engjarnar, vegna þess að búið var að ræsa fram og rækta tún heima við bæi, tún sem gáfu kjarnbetra fódur fyrir bústofn er gerðar voru meiri kröfur til, en áður þekktist. Einnig urðu miklar breytingar á samfélaginu svo vinnuafli til sveita minnkaði, og bændur urðu að treysta meira á tæknina en mannshöndina, við að afla heyja til vetrarins. Það má því segja að fólk sem fætt var í lok 19. aldar og lifði fram undir lok þeirrar 20. hafi í raun lifað samfélag eins og það hafði verið á mörgum öldum í Íslandssögunni; slíkar urðu breytingarnar á einni mannsævi, bæði í íslensku samfélagi sem og á þeirri tækni og landnýtingu sem viðhöfð var hér á landi.

Sú nýting engjanna, sem lengst af var beitt, fól í sér ákveðna verndun, bæði landgæðanna sjálfra en ekki síður á þeirri þekkingu sem þurfti til að nýta svæðin. Með hóflegri nýtingu tryggðu bændur að ekki væri gengið á þá auðlind sem engjarnar geyma og þannig hélst hún við. En jafnframt þurfti ákveðna þekkingu á straumum og áhrifum tungls á flóð, til að geta nýtt engjarnar án þess að hætta skapaðist og hey færi í flóð. Þessi þekking gekk mann fram af manni og gerði mönnum kleift að nytja engjarnar. Líka þurfti ákveðna þekkingu á engaheyskapnum sjálfum, hvaða aðferðum skyldi beitt og hvernig best væri að haga verkum. Þessari þekkingu var haldið við, meðan engjarnar voru árlega nytjaðar til sláttar. Nú á síðustu áratugum, þegar dregið hefur verulega úr nýtingu engja, hefur þessi þekking verið að glatast, þekking sem safnast hafði saman kynslóð fram af kynslóð. Hún glatast með öllu verði ekkert gert til að viðhalda henni og safna henni saman.

Tryggasta leiðin til að þekkingin glatist ekki er að henni sé beitt með viðeigandi tækni. Nauðsynlegt er að skoða hvers konar tækni hentar til engjanytja í dag. Ljóst er að mörg þeirra heyrinnutækja sem nú eru notuð, henta illa á engjar, einkum vegna stærðar sinnar og þyngdar. Það er þarft verkefni sem vonandi verður ráðist í á allra næstu árum, því á engjunum felast mikil verðmæti sem landeigendur þyrftu að nýta betur og markvissar en gert er víðast hvar í dag.

Nýting engja í Borgarfirði hélst svipuð í gegnum aldirnar en gríðarlegar breytingar urðu á 20. öld, fyrst þannig að nýtingin óx til muna og allar engjar voru nýttar til fulls, en síðan dróst nýtingin saman og varð nær engin nema til beitar. Breytingar taka ekki langan tíma en margt getur glatast ef þekkingu og lífríki er ekki viðhaldið. Hérna er um verðmæta auðlind að ræða, sem líklegt er að horft verði til í landnýtingu framtíðar á Íslandi.

Á síðustu árum hefur menningartengd og fræðslutengd ferðaþjónusta aukist hér á landi sem erlendis. Liður í því er að fræðast um það hvernig fólk lifði og bjó á hverju svæði í gegnum aldirnar, hvernig landgæði voru nýtt til að afla lífsviðurværis og hvaða breytingar urðu á þessari nýtingu í gegnum tíðina. Þær upplýsingar sem aflað hefur verið í þessu verkefni geta nýst slíkri ferðaþjónustu. Þær gefa gleggri mynd af sögunni, með tengingu við landið og auðlindir þess. Og ekki síður geta heimamenn sótt upplýsingar í þennan sjóð til að gera sér betur grein fyrir þeim möguleikum sem leynast í nágrenninu og vonandi geta orðið aftur sá fjársjóður sem þessi svæði voru í gegnum tíðina – þótt með öðrum háttum verði.

Þessi athugun á nýtingu flæðiengja í Borgarfirði hefur dregið fram mikinn fjölbreytileika í notkunarháttum. Ætla má að slík fjölbreytni sé ekki minni á öðrum svæðum þar sem landshættir eru svipaðir – víðlend votlendi. Nefna má neðanverðar Árnes- og Rangárvallasýslur, Húnaþing, Skagafjörð og Eyjafjörð. Því gæti þetta verkefni orðið hvatning til þess að þau verði skoðuð með svipuðum hætti. Fullvíst má telja að víða séu gagnmerkar upplýsingar enn til sem skýra nýtingu hliðstæðra svæða og er mikilvægt að halda þeim til haga.

Von höfunda er að þessi samantekt geti nýst til hagsbóta á ýmsan hátt, svo sem til atvinnusköpunar heimamanna, bæði í gegnum ferðaþjónustu sem og aðra landnýtingu. Ljóst er að þekking forfeðranna á nýtingu þessara svæða var gríðarlega víðfeðm og skilningur þeirra á umhverfinu var ríkur. Þar er því fjársjóður sem vert er að leita í, þegar horft er til nýrra tíma.

Pakkarorð

Ljóst er að verk sem þetta er ekki unnið nema með ómetanlegri aðstoð heimildamanna sem látið hefur í té upplýsingar. Allir, sem leitað hefur verið til, hafa brugðist vel við fyrirspurnum okkar og veitt okkur gagnmerkar upplýsingar, ýmist munnlegar eða skriflegar. Öllum þeim sem hafa lagt sitt af mörkum þökkum við kærlega aðstoðina. Án hennar hefði orðið lítið úr þessu verki.

Einnig er þeim þakkað sem hafa tekið þátt í fróðleiksöflunarfundum sem haldnir hafa verið, þar sem verkefnið hefur verið kynnt og leitað eftir frekari upplýsingum. Áhugi ykkar er ekki síður mikilvægur.

Sérstakar þakkir fær Þórhallur Teitsson fyrir lán á myndum sem föðursystir hans, Helga Daníelsdóttir, tók á engjum Grímarstaða sumarið 1946.

Þeir sem veitt hafa styrki til þessa verkefnis eru Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Menningarsjóður Borgarbyggðar.

Landbúnaðarháskóli Íslands veitti starfsaðstöðu. Landbúnaðarsafn Íslands og Laxveiði- og sögusafnið í Ferjukoti lögðu fram vinnu til verksins. Þannig var kleift að hrinda þessu verki í framkvæmd. Sá stuðningur er hér með þakkaður.

Heimildaskrá

Munnlegar heimildir

Auður Pétursdóttir, 2010: Munnleg heimild. Fædd árið 1930, uppalin að Hægindi í Reykholtssdal, en fluttist að Ausu í Andakíl árið 1960 og hefur búið þar síðan.

Árni Guðmundsson, 2010: Munnleg heimild. Fæddur árið 1923. Uppalinn að Álftártungu á Mýrum en fluttist að Beigalda í Borgarhreppi árið 1954 og bjó þar í áratugi.

Bjarni Vilmundarson, 2010: Munnleg heimild. Fæddur árið 1928 að Mófellsstöðum í Skorradal og hefur búið þar alla tíð.

Gísli Jónsson, 2010: Munnleg heimild. Fæddur árið 1946 og uppalinn að Innri-Skeljabrekku í Andakíl. Hefur lengst af búið í Andakíl.

Guðmundur og Sveinn Bjarnasynir, 2010: Munnleg heimild. Guðmundur fæddur árið 1929 og Sveinn árið 1930. Uppaldir í Eskiholti í Borgarhreppi en hafa búið á Brennistöðum í sömu sveit síðustu áratugi.

Guðrún Fjeldsted, 2011: Munnleg heimild. Fædd árið 1952 og uppalinn í Ferjukoti í Borgarhreppi. Búsett á Ölvaldsstöðum í sömu sveit.

Jón Haraldsson, 2010: Munnleg heimild. Fæddur árið 1944. Var sumarstrákur á Hvítárvöllum frá 1949 eða 1950 og fram til 1962.

Magnús Kristjánsson, 2010: Munnleg heimild. Fæddur árið 1940 og uppalinn á Ferjubakka í Borgarhreppi. Hefur búið í Borgarnesi síðustu áratugi.

Ragnar Olgeirsson, 2010: Munnleg heimild. Fæddur árið 1926 og uppalinn í Borgarnesi. Bjó um árabíl á Oddsstöðum í Lundarreykjadal, en fluttist aftur í Borgarnes, þar sem hann býr nú.

Svava Finnsdóttir, 2010: Munnleg heimild. Fædd árið 1937 og uppalin í Eskiholti í Borgarhreppi en fluttist síðan að Bóndhól í sömu sveit og býr þar enn.

Sveinn Finnsson, 2011: Munnleg heimild. Fæddur árið 1938 og uppalinn í Eskiholti í Borgarhreppi.

Tómás Helgason, 2010: Munnleg heimild. Fæddur í Hnífsdal árið 1918 en var við nám við Bændaskólann á Hvanneyri og lauk þaðan námi 1940.

- Þorkell Fjeldsted, 2010: Munnleg heimild. Fæddur árið 1947 í Ferjukoti í Borgarhreppi og hefur búið þar alla tíð.
- Þórarinn Þorvaldsson, 2011: Munnleg heimild. Fæddur 1934 á Þóroddsstöðum í Hrutafirði og bjó þar frameftir ævinni. Nú búsettur í Reykjavík.
- Þórhallur Teitsson, 2011: Munnleg heimild. Fæddur árið 1949 og uppallinn á Grímarstöðum. Bjó þar fram til ársins 2006.

Skriflegar heimildir

- Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1982: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 4* : [Borgarfjarðar- og Mýrasýsla]. Reykjavík, Sögufélag, 498 bls.
- Bjarni Guðmundsson, 1989: *Hvanneyri – menntasetur bænda í hundrað ár*. Bændaskólinn á Hvanneyri. 60 bls.
- Bjarni GuðrÁðsson o.fl., 1989: *Byggðir Borgarfjarðar II. bindi, Borgarfjarðarsýsla og Akranes*. Reykjavík, Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 400 bls.
- Björk Ingimundardóttir o.fl., 1998: *Byggðir Borgarfjarðar I*. Reykjavík, Prentsmiðjan Oddi. 591 bls.
- Guðmundur Þorsteinsson, 2011: *Suðurengjar í Borgarfirði*. Óbirt handrit. 3 bls.
- Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir, 2005: *Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir sáu um útgáfuna. Reykjavík. Sögufélag. Ornefnastofnun Íslands, 338 bls.
- Guðrún Kristjánsdóttir, 2010: *„Berfætt við heyskap í Ferjubakkafloa“*. Óbirt handrit. 5 bls.
- Halldór Vilhjálmsson, 1929: *Fóðurfræði*. Útgefandi Búnaðarfélag Íslands, 499 bls.
- Hæstiréttur, 1961: Dómsmál nr. 163/1959. Aðalsteinn Hjartarson, Óskar Hjartarson, Krístrún Hjartardóttir, Sigríður Hjartardóttir, Torfi Hjartarson og Gústaf Hjartarson gegn Jóni Gíslasyni og gagnsök. Birt í: *Hæstaréttardómar XXXII. bindi* 1961.
- Helgi Kristjánsson, 2010: *Nýting engjalanda. Ferjubakki og Ferjukot*. Óbirt handrit.
- Helgi Kristjánsson, 2011: *Í björtum Borgarfirði*. Vestfirska forlagið, 224 bls.
- Magnús Óskarsson, 2008: Engjar. Saga áveitna og notkun engja. Í: *Plógur*, vefrit Landbúnaðarsafns Íslands, A-deild, 1. grein Mars 2008. 12 bls.
- Magnús Óskarsson, Matthías Eggertsson, Jón Snæbjörnsson og Þorsteinn Þorsteinsson, 1967: Rannsóknir á jurtum í úthaga og engi. *Ársrit Ræktunarfélags Norðurlands*, 64: 83-100.
- Reisænen E. ofl., 1996: *Med bårstang, “sapilaat” og “siipi” : historien om utmarksslåttene i Jakobselvdalføret fra 1850 til 1950*. Vestre Jakobselv utmarkslag, 75 bls.
- Sigríður Inga Kristjánsdóttir, 2010: *Hugleiðingar og upplýsingar um engjaheyskap á Ferjubakka II á árunum 1964 til 1970*. Óbirt handrit.
- Tíminn*, 1955: Óvenjulega mikið sjávarflóð á Hvítárengjum. 23. ágúst 1955.
- Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, 1952: *Sjógarpurinn og bóndinn Sigurður í Görðunum*. Bókaútgáfan Norðri. 195 bls.
- Þorsteinn Þorsteinsson, 1953: Borgarfjarðarsýsla norðan Skarðsheiðar. *Árbók*. MCMLV. Ferðafélag Íslands. 111 bls.

Viðauki 1

Fróðleiksöflunarfundur haldinn þann 7. apríl 2010 á Hvanneyri.

Þátttakendur voru:

Árni Guðmundsson	Beigalda	Jómundur Hjörleifsson	Heggsstöðum
Ragnheiður S. Hjörleifsdóttir	Borgarnesi	Haukur Júlíusson	Hvanneyri
Jóhannes Ellertsson	Borgarnesi	Anna Guðrún Þórhallsdóttir	Hvanneyri
Gísli Jónsson	Brekku	Pétur Jónsson	Hvanneyri
Sveinn Bjarnason	Brennistöðum	Ásdís Helga Bjarnadóttir	Hvanneyri
Guðmundur Bjarnason	Brennistöðum	Björg Gunnarsdóttir	Hvanneyri
Guðmundur Þorsteinsson	Efri-Hrepp	Guðmundur Sigurðsson	Hvanneyri
Guðrún Guðmundsdóttir	Efri-Hrepp	Helgi Björn Ólafsson	Hvanneyri
Jóhannes Guðjónsson	Efri-Hrepp	Ólafur Davíðsson	Hvítárvöllum
Sveinn Finnsson	Eskiholti	Kristján Finnsson	Laxholti
Sigríður Inga Kristjánsdóttir	Ferjubakka II	Sigurjón Jóhannsson	Valbjarnarvöllum
Þórólfur Sveinsson	Ferjubakka II	Guðmundur Finnsson	Varmalandi
Unnsteinn Elíasson	Ferjubakka IV	Helgi Helgason	Pursstöðum
Rafn Jónsson	Frá Einifelli	Guðrún Fjeldsted	Ölvaldsstöðum 4
Þórhallur Teitsson	Frá Grímarsstöðum	Þorkell Fjeldsted	Ferjukoti
Magnús Kristjánsson	Frá Trönu	Bjarni Guðmundsson	Hvanneyri
Guðrún Jómundsdóttir	Heggsstöðum	Ragnhildur Helga Jónsdóttir	Ausu



28. mynd: Þátttakendur á fróðleiksöflunarfundi þann 7. apríl 2010. (Ásdís Helga Bjarnadóttir).

Fróðleiksöflunarfundur haldinn þann 2. febrúar 2011 á Hvanneyri.

Þátttakendur voru:

Jón Ólafsson	Bárustöðum	Guðrún Kristjánsdóttir	Ferjubakka IV
Óskar Þór Óskarsson	Borgarnesi	Pórhallur Teitsson	Frá Grímarstöðum
Gísli Sumarliðason	Borgarnesi	Magnús Kristjánsson	Frá Trönu
Steinar Ingimundarson	Borgarnesi	Rita Breyja Bach	Grenigerði
Guðmundur Ingimundarson	Borgarnesi	Páll Jónsson	Grenigerði
Jón Haraldsson	Borgarnesi	Grétar Jónsson	Hávarsstöðum
Jóhannes Ellertsson	Borgarnesi	Haukur Júlíusson	Hvanneyri
Sæmundur Sigmundsson	Borgarnesi	Ragnar Frank Kristjánsson	Hvanneyri
Ragnar Sveinn Olgeirsson	Borgarnesi	Lárus Pétursson	Hvanneyri
Ragnheiður S.Hjörleifsdóttir	Borgarnesi	Guðmundur Hallgrímsson	Hvanneyri
Gísli Jónsson,	Brekku	Dagný Sigurðardóttir	Innri-Skeljabrekku
Guðmundur Bjarnason	Brennistöðum	Þorvaldur Jónsson	Innri-Skeljabrekku
Sveinn Bjarnason	Brennistöðum	Unnsteinn Snorri Snorrason	Syðstu-Fossum
Sveinn Finnsson	Eskiholti	Guðrún Fjeldsted	Ölvaldsstöðum 4
Sveinn Þórólfsson	Ferjubakka II	Þorkell Fjeldsted	Ferjukoti
Þórólfur Sveinsson	Ferjubakka II	Bjarni Guðmundsson	Hvanneyri
Sigríður Inga Kristjánsdóttir	Ferjubakka II	Ragnhildur Helga Jónsdóttir	Ausu
Unnsteinn Elíasson	Ferjubakka IV		



29. mynd: Þátttakendur á fróðleiksöflunarfundi þann 2. febrúar 2011. (Bjarni Guðmundsson).

